

# VR blaðið

5. tbl. 23. árg. - September 2001 - Upplag: 21.000

Verzlunarmannafélag Reykjavíkur

## Fjölskylduhátíð

Stöllurnar tvær á myndinni fylgjast af miklum áhuga með skemmtiatriðum á fjölskylduhátíð í Laugardal sem VR stóð fyrir á frídegi verslunarmanna, sem að þessu sinni bar upp á 6. ágúst. Í garðinum var fjölmenni, um 9.000 gestir, og var margt við að vera að venju, hin ýmsu skemmtiatriði á leiksviðum, alls kyns uppsett leiktæki, og ekki má gleyma dýrunum í húsdýragarðinum, sem ævinlega fá óskipta athygli jafnt eldri sem yngri gesta.



Mynd: Kristján Maack

## Fræðslumál

Eins og í fyrra verður efnt til Viku símenntunar í byrjun september, nánar tiltekið vikuna 3. - 10. september og ræðst töluverður hluti efnis þessa blaðs m.a. af því og einnig þeirri staðreynd, að einmitt um þetta leyti hyggja fjölmargir VR félagsmenn á eitt eða annað nám á vetri komanda. Undir yfirskriftinni FRÆÐSLUMÁL má í þessu blaði finna fjölmargt áhugavert fyrir þá sem ætla að auka við kunnáttu sína á næstunni. Myndin er af bás VR í Viku símenntunar í Kringlunni í fyrra.



Mynd: Erling

# ÖFLUGT FRÆÐSLUSTARF VR

# ÞEKKING

# ER AUÐLIND

**Útgefandi:** Verzlunarmannafélag Reykjavíkur,  
Húsi verslunarinnar – Sími 510 1700 – Fax 510 1717  
Netfang: vr@vr.is – Heimasíða: www.vr.is

**Ábyrgðarmaður:** Magnús L. Sveinsson

**Ritstjóri:** Steinunn Böðvarsdóttir

**Útlit:** Ólafur Gaukur

**Auglýsingastjóri:** Inga Ingvarsdóttir, símar  
565 2579 og 565 2571 – Netfang: mina@islandia.is

**Umbrot og prentvinnsla:**  
Prentmet ehf.

#### Starfsfólk á skrifstofu:

Magnús L. Sveinsson, formaður, Gunnar Páll Pálsson, forstöðumaður hagdeildar, Guðmundur B. Ólafsson, lögfræðingur, Elías Magnússon, forstöðumaður kjaramálaeildar, Alda Sigurðardóttir, Anna B. Siggeirsdóttir, Auður Búadóttir, Árni Leósson, Bertha Biering, Björn Halldór Björnsson, Einar M. Nikulásson, Elín Sveinsdóttir, Elísabet Magnúsdóttir, Grétar Hannesson, Guðrún Erla Hafsteinsdóttir, Guðrún Þorgerður Hlökkversdóttir, Hafsteinn J. Hannesson, Hansína Gísladóttir, Harpa Gunnarsdóttir, Kristín Sveinsdóttir, Rannveig Rögnvaldsdóttir, Reynir Jósefsson, Rósmarý Úlfarsdóttir, Sigrún Viktorsdóttir, Snorri Kristjánsson, Steinunn Böðvarsdóttir, Þorgerður Sigurðardóttir, Þorgrímur Guðmundsson og Þórunn Jónsdóttir.

#### Stjórn Verzlunarmannafélags Reykjavíkur:

Magnús L. Sveinsson formaður, Stefanía Magnúsdóttir varaformaður, Elín Elíasdóttir ritari og Edda Kjartansdóttir gjaldkeri.

Meðstjórnendur: Benedikt Vilhjálmsson, Bjarnís Lárusdóttir, Gunnar Böðvarsson, Jóhanna E. Vilhelmsdóttir, Kolbeinn Sigurjónsson, Kristín Sigurðardóttir, Rannveig Sigurðardóttir, Sigurður Sigfússon, Sigrún Baldursdóttir, Steinar J. Kristjánsson og Valur M. Valtýsson,

Varamenn: Valdís Haraldsdóttir og Ingveldur Sigurðardóttir.

#### Stjórn Orlofssjóðs VR:

Elín Elíasdóttir, Benedikt Vilhjálmsson, Grétar Hannesson, Jóhanna E. Vilhelmsdóttir, Reynir Jósefsson og Valur M. Valtýsson.

#### Stjórn Sjúkrasjóðs VR:

Magnús L. Sveinsson, Steinar J. Kristjánsson, Benedikt Vilhjálmsson og Stefanía Magnúsdóttir.

#### Framkvæmdastjórn Fræðslusjóðs VR:

Rannveig Sigurðardóttir, Sigrún Baldursdóttir, Bjarnís Lárusdóttir, Jóhanna E. Vilhelmsdóttir og Sigurður Sigfússon.



# Þekking er auðlind

VR hefur á undanförunum árum lagt áherslu á að efla fræðslustarf félagsins. Þekking er auðlind og starfsfólk fyrirtækja gerir sér í auknum mæli grein fyrir mikilvægi þess að afla sér sí- og endurmenntunar. Vinnumarkaðurinn tekur stöðugum breytingum, ný tækni gerir þekkingu gærdagsins úrelta. Störfín eru stöðugt að breytast, starfið í dag verður ekki til á morgun. Fólk verður að laga sig að nýjum störfum, mennta sig að síbreytilegum atvinnuháttum. Hagsmunir starfsmanna og fyrirtækja fara saman.

Í kjarasamningum á síðasta ári náðist samkomulag við vinnuveitendur um framlag í sameiginlegan fræðslusjóð sem tekinn er til starfa. Áður hafði VR stofnað eigin fræðslusjóð til að bregðast við brýnni þörf á auknu fræðslustarfi. Félagsmenn VR hafa sýnt fræðslumálunum mikinn og aukinn áhuga og nutu á sautjanda hundrað félagsmanna námsstyrkja á síðasta ári að upphæð rúmar 34 milljónir króna og hafði aukist frá árinu áður. Það vekur athygli að af þeim 3.500, sem félagsmönnum VR hefur fjölgað um sl. þrjú ár, eru 66% háskólamenntaðir og 24% félagsmanna nú eru með háskólapróf en voru 15% 1998.

Þetta VR blað er að stórum hluta helgað fræðslumálum þar sem kynnt verður fjölbreytt flóra fræðslunámskeiða sem félagsmönnum VR stendur til boða á næstu mánuðum.

Í byrjun september er Vika símenntunar hér á landi. Það er í annað sinn sem efnt er til slíks átaks sem er að frumkvæði Sameinuðu þjóðanna. VR tekur virkan þátt í Viku símenntunar nú eins og á síðasta ári. Þar mun VR kynna netnámskeið um starfsmannaviðtal sem félagsmenn VR og aðrir geta nálgast. Það er nýjung á íslenskum námskeiðamarkaði því það er opið öllum og ókeypis. Mark-

miðið með netnámskeiði er að undirbúa launþega fyrir hið árlega viðtal við vinnuveitendur um laun og starfskjör, sem VR samdi um í síðustu kjarasamningum. Þetta er viðbót við námskeið sem VR bauð upp á sl. vetur, sem nefnt var *Að semja um launin*, en það verður einnig í boði í vetur.

Þá mun VR bjóða upp á tvö námskeið sem sérstaklega eru ætluð konum, annars vegar stjórnunarnámskeið og hins vegar sjálfstýrkingarnámskeið. Þessi námskeið eru haldin í samræmi við samþykkt stjórnar VR fyrir nokkru um jafnréttisstefnu félagsins þar sem áhersla er lögð á jafnrétti á vinnumarkaði óháð kyni. Þar er lögð áhersla á nauðsyn þess að efla menntun kvenna, m.a. með því að bjóða sérstök námskeið fyrir konur. Þessi námskeið eiga að efla konur til forystu á vinnumarkaðinum.

Stjórn VR samþykkti fyrir nokkru að veita í fyrsta skipti í haust nemanda á háskólastigi 250 þúsund króna styrk vegna lokaverkefnis tengdu vinnumarkaðinum. Markmiðið með styrknum er að efla rannsóknir á vinnumarkaði með því að hvetja nemendur á háskólastigi til að huga betur að þessum málaflökki.

Fjölmargt fleira verður í boði hjá VR varðandi fræðslumálin, eins og kynnt er í þessu blaði. Má þar nefna starfs- og námsráðgjöf, sem var mjög eftirsótt sl. vetur og auðveldar fólki að greina námsbrautir sem í boði eru. Einnig verður boðið upp á fjölmörg starfsgreinanámskeið sem öll miða að því að styrkja félagsmenn í starfi.

Hér er lítið eitt talið upp af því sem í boði verður í fræðslustarfi VR í vetur og kynnt er nánar í þessu blaði. Allt miðar þetta að því að gera félagsmenn hæfari í fjölbreytilegum störfum og auka lífsgæði þeirra.



# Fjórir af hverjum tíu hafa farið í starfsmannaviðtal

Um 40% félagsmanna VR hafa farið í starfsmannaviðtal á síðastliðnum tólf mánuðum, samkvæmt niðurstöðum könnunar sem Gallup gerði fyrir VR nýlega.

**Mikill meirihluti þeirra fékk hækkun launa í kjölfarið. Könnunin var gerð í júní og júlí meðal félagsmanna VR. Svarhlutfall var 71%.**

Samkvæmt niðurstöðum könnunar Gallups hafa karlar fremur en konur farið í starfsmannaviðtal á síðustu mánuðum eða 45% á móti 33%. Ekki er mikill munur eftir aldri en hins vegar er umtalsverður munur þegar litið er til menntunar. 22% aðspurðra með grunnskólaþróf sögðust hafa farið í starfsmannaviðtal, 44% þeirra sem hafa framhaldsskólaþróf og 51% félagsmanna með háskólaþróf. Heldur fleiri félagsmenn VR sem starfa hjá fyrirtækjum innan vébanda Samtaka verslunarinnar-FÍS fóru í

starfsmannaviðtal en starfsmenn hjá fyrirtækjum innan Samtaka atvinnulífsins eða 41% á móti 36%.

## Langflestir fengu launahækkun

Af þeim sem fóru í starfsmannaviðtal fengu 72% launahækkun í kjölfarið. Jafnræði var milli kynja hvað þetta varðar en sjá mátti tölverðan mun eftir aldri. Til dæmis fengu níu af hverjum tíu þeirra sem eru eldri en 55 ára launahækkun en 53% þeirra sem eru á aldrinum 45-54 ára. Að meðaltali nam launahækkunin 14,3%. Rúmlega 20% aðspurðra í könnuninni fengu aukin hlunnindi í kjölfar starfsmannaviðtals, flestir bifreiðahlunnindi eða símahlunnindi.

## Nýttu þér rétt þinn!

Í síðustu kjarasamningum VR og atvinnurekenda var samið um rétt félagsmanna til árlegs viðtals við yfirmenn sína um kaup og kjör. VR hvetur alla félagsmenn sína til að nýta sér þennan samningsbundna rétt eins og fjölmargir hafa þegar gert.



# Launakröfur fyrir 500 félagsmenn í innheimtu

Nokkur aukning hefur verið í innheimtumálum sem VR hefur til meðferðar fyrir hönd félagsmanna sinna vegna vangoldinna launa eða ágreinings um kaup og kjör það sem af er þessu ári miðað við sama tíma í fyrra, að sögn Guðmundar B. Ólafssonar, lögfræðings VR.

**Alls leituðu um 500 félagsmenn til VR eftir aðstoð vegna slíkra mála á fyrstu sex mánuðum þessa árs samanborið við tæplega 350 á sama tíma í fyrra og nemur aukningin á milli ára því um 40%.**

Málum vegna gjaldþrota fyrirtækja fjölgaði nokkuð á fyrstu sex mánuðum ársins miðað við sama tíma í fyrra. Vel á annað hundrað af þeim innheimtumálum sem

félagið hefur til meðferðar nú eru launakröfur félagsmanna sem félagið hefur til innheimtu vegna gjaldþrota fyrirtækja. Hér er bæði um að ræða smærri fyrirtæki sem farið hafa í þrot, jafnvel fyrirtæki með 2-3 starfsmönnum, sem og stærri fyrirtæki með nokkrum tugum starfsmanna.

Á bls. 22 í blaðinu er að finna umfjöllun um réttarstöðu félagsmanna við gjaldþrot fyrirtækja sem og upplýsingar um Ábyrgðarsjóð launa og starfsreglur hans.

## VR BLAÐIÐ Í UPPLAGSEFTIRLIT

Verslunarráð Íslands hefur samningsbundið eftirlit með útgáfu tímarita, dagblaða, kynningarrita o.þ.h. sem öllum útgefendum stendur til boða að taka þátt í. Akveðið hefur verið að VR blaðið falli undir eftirlit ráðsins og hefur verið gerður samningur þar að lútandi.

Tölur úr upplagseftirliti ráðsins eru birtar allt að þrisvar á ári, í janúar, maí og september. Þær ná yfir fjölda tölublaða, fjölda prentaðra eintaka og fjölda eintaka sem dreift hefur verið af viðurkenndum dreifingaraðilum.

# Tölvunámskeið

## Gyðu Atladóttur

### Tölvugrunnur

kr. 16.900

Helstu hugtök einkatölvu. Uppbygging og hlutverk stýrikerfa. Notkun lyklaborðs, músar, diskadrifs, prentara, skanna. 20 kennslustundir

### Word I

kr. 16.900

Grundvallaratriði ritvinnsluforrita. Innsláttur texta og leiðréttingar. Útlitsmótun stafa, efnisgreina, blaðsíðna. Prentun. 20 kennslustundir

### Word II

kr. 17.900

Staðsetning og notkun mynda í ritvinnsluskjali. Stöðluð stílsnið texta og málsgreina. Notkun og uppsetning flýtihnappa. Töflur og dálkar. Haus- og fótlína. 15 kennslustundir

### Excel I

kr. 16.900

Grundvallaratriði töflureikna. Innsláttur gagna og tilfærsla. Gerð formúla og myndrita. Útlitsmótun. Prentun. 20 kennslustundir

### Excel II

kr. 17.900

Framsetning tölulegra upplýsinga á myndrænan hátt. Flóknari formúlugerð og föll. Síun og röðun. Tengingar á milli skjala. 15 kennslustundir

### Power Point

kr. 16.900

Gerð vandaðra glæra, litskyggna, námsgagna fyrir skjásýningar. Notkun bakgrunna og mynda. Hreyfing og hljóð. 20 kennslustundir



VR styrkir þáttöku  
félagsmanna sinna

## KENNSLA FER FRAM Í TÖLVUVERI BORGARHOLTSSKÓLA

Fjögurra vikna kvöldnámskeið að hefjast.  
Kennt flest kvöld vikunnar kl. 18:00–21:00  
eða kl. 18:00–22:00

Skráning og upplýsingar í síma 863 1029





# VIKA SÍMENNTUNAR 2001:



# Tungumál og tölvu- kunnátta í brennidepli

## VR kynnir nýtt netnámskeið um starfsmannaviðtalið

Dagana 3.-9. september er Vika símenntunar haldin hér á landi. Aðdragandann má rekja til aðalráðstefnu Sameinuðu þjóðanna fyrir tveimur árum en þá voru aðildarlöndin hvött til að halda árlega „adult learners week“ frá og með árinu 2000 í tengslum við alþjóðalæsisdaginn 8. september.

Í kjölfarið ákvað íslenska menntamálaráðuneytið að fara af stað með átak undir heitinu Vika símenntunar með það að markmiði að auka þátttöku almennings í símenntun.

„Vika símenntunar er hvatning til fólks um að kynna sér þá símenntun sem í boði er, mikilvægi hennar og að símenntun sé valkostur fyrir alla, óháð aldri,“ segir Þóra Ragnheiður Stefánsdóttir, verkefnastjóri Viku símenntunar. „Við reynum ekki síður að ná til þeirra sem eldri eru því yngri fólk þarf síður hvatningu. Það er hreyfanlegra á vinnumarkaði og finnur hreinlega þörfina á því að vera sífellt að bæta við sig þekkingu til að vera samkeppnishæft.“

### Ísland og umheimurinn

Yfirskrift Viku símenntunar í ár er *Ísland og umheimurinn – tungumál og tölvukunnátta*. Það er afar mikilvægt fyrir íslensk fyrirtæki og starfsmenn að efla og viðhalda kunnáttu í erlendum tungumálum og á sviði tölvumála til að vera samkeppnishæf. „Markhópur Viku símenntunar í ár er allir þeir sem vilja bæta við sig þekkingu í tungumálum og tölvukunnáttu,

hvort sem hún á að nýstast þeim í atvinnulífnum, í tómstundum, á ferðalögum eða í samskiptum almennt,“ segir Þóra.

### Fjölbreytt dagskrá

Þóra á von á góðri þátttöku í Viku símenntunar í ár og bendir á að þema vikunnar sé eitthvað sem

flestir eigi að geta nýtt sér. „Dagskrá viku símenntunar verður líka fjölbreytt þannig að allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Við munum m.a. bjóða upp á símenntunardag í fyrirtækjum, málþing, dagskrá á bókasöfnum og fræðsluhátíðir. Við erum með vefsíðu fyrir Viku símenntunar þar sem hægt er að afla sér frekari



Bás VR í Kringlunni í Viku símenntunar, 4. - 10. september í fyrra.

Mynd: Kristján Maack

upplýsinga og fróðleiks. Slóðin er [www.mennt.is/simenntun](http://www.mennt.is/simenntun).”

### Nýtt netnámskeið VR kynnt

VR tekur virkan þátt í Viku símenntunar í ár eins og félagið gerði á síðasta ári. Þetta tölublað VR blaðsins er til að mynda að stórum hluta helgað fræðslumálum. Í því má finna fróðleik um námskeið sem félagsmönnum standa til boða veturinn 2001-2002, upplýsingar um fræðslu-

styrki og afslætti hjá þeim aðilum sem bjóða námskeið.

Í Viku símenntunar mun VR kynna nýjung fyrir félagsmenn og alla starfsmenn á vinnumarkaði, nýtt netnámskeið um starfsmannaviðtal. Námskeiðið er hið fyrsta sinnar tegundar á námskeiðamarkaði hér á landi. Það er er opið öllum og ókeypis. Á fræðsluhátíð í Kringlunni þann 8. september geta allir kynnt sér netnámskeiðið og fengið nánari upplýsingar um það. Sjá einnig umfjöllun á bls. 6-7 og á heimasíðu VR, [www.vr.is](http://www.vr.is).

# FJÓRÐUNGUR FÉLAGSMANNA VR

## MEÐ HÁSKÓLAPRÓF

Menntun félagsmanna VR hefur tekið miklum breytingum á síðustu árum. Árið 1998 hafði einn af hverjum þremur lokið formlegri menntun eftir grunnskóla, rúmlega helmingur hafði lokið framhaldsnámi, þ.m.t. starfsnámi, og 15% höfðu háskólapróf.

Í dag, þremur árum síðar, er staðan allt önnur. Þeim sem hafa einungis grunnskólamenntun að baki hefur fækkað og eru nú fjórðungur félagsmanna.

Fleiri hafa lokið starfsnámi og verklegu framhaldsnámi nú en fyrir þremur árum en færri hafa lokið bóklegu framhaldsnámi. Mesta breytingin er meðal háskólamenntaðra félagsmanna,

fjöldi þeirra innan félagsins hefur tvöfaldast á þremur árum og hefur nú nær einn af hverjum fjórum félagsmönnum háskólapróf.

### Aukin áhersla á menntun

Fullgildum félagsmönnum VR hefur fjölgað um 3.500 eða sem svarar 22% á síðustu þremur árum. Háskólamenntaðir eru stærsti hluti þessarar aukningar; tveir af hverjum þremur eða 66% sem best hafa í félagaskrána frá árinu 1998 eru með háskólapróf. Þetta má m.a. skýra með því að menntun er að aukast í þjóðfélaginu, yngri fólk er betur menntað en það sem eldri er og æ fleiri á vinnumarkaði leita sér endurmenntunar nú en fyrir örfáum árum. En þetta er ekki nema hluti af skýringunni.

### Stefna VR höfðar til háskólamenntaðra


„Þessi þróun bendir til þess að áherslur VR og störf félagsins

## MENNTUN FÉLAGSMANNA VR


### Grunnskólapróf




### Verklegt framhald



### Starfsnám



### Háskólapróf



### Bóklegt framhald



(Byggt á launakönnunum VR og könnunum á fyrirtæki ársins á árunum 1998 – 2001)

falli í góðan jarðveg meðal háskólamenntaðra starfsmanna á vinnumarkaði en það er sá hópur sem getur einna helst valið á milli þess að vera í stéttarfélagi eða standa utan þess,“ segir Gunnar Páll Pálsson, forstöðumaður hagdeildar VR.

„Tekjutenging bóta úr sjúkrahjóði og styrkja úr fræðslusjóði er mjög hagstæð fyrir þennan hóp. Af einstökum dæmum má nefna þá ákvörðun VR að greiða 80% af

meðallaunum í fæðingarorlofi en það höfðaði til yngri, háskólamenntaðra kvenna. Ríkið tók síðan, sem kunnugt er, yfir greiðslur í fæðingarorlofi um síðastliðin áramót. Stefna félagsins við gerð kjarasamninga hefur einnig í auknum mæli tekið tillit til þarfa háskólamenntaðra félagsmanna ekki síður en annarra en í síðustu samningum var m.a. samið um markaðslaun eða persónubundin laun.“

## Netnámskeið um starfsmannaviðtal

Í Viku símenntunar hleypir VR af stokkunum nýjung á íslenskum námskeiðamarkaði, netnámskeiði um starfsmannaviðtal sem félagsmenn og aðrir geta nálgast á heimasíðu VR, [www.vr.is](http://www.vr.is). Námskeiðið er öllum að kostnaðarlausu.

Markmiðið með netnámskeiðinu er að undirbúa launþega fyrir hið árlega starfsmanna- eða launaviðtal sem samið var um í síðustu kjarasamningum. VR bauð félagsmönnum sínum námskeið síðasta vetur til að undirbúa þá undir þetta viðtal. Námskeiðið,

sem heitir *Að semja um launin*, verður aftur í boði í ár, sjá bls. 14-15. Netnámskeiðið er góð viðbót við það þó netnámskeiði sé í raun hugsað sem sjálfstætt námskeið.

Netnámskeiðið hentar einnig fólki sem á erfitt með að sækja hefðbundin námskeið t.d. vegna vinnutíma eða fjölskylduáðstæðna. Netnámskeið sem þetta gagnast öllum á vinnumarkaði, sama hvaða starfi þeir gegna.

### Hvað er netnámskeið?

Netnámskeið eða vefbundið nám, sem á ensku kallast online learning eða e-learning, felur í sér að þátttakendur mennta sig með aðstoð internetsins. Ekki þarf að búa yfir mikilli tölvukunnáttu til að nýta sér netnámskeið, til að



Alda Sigurðardóttir

mynda þarf einungis aðgang að internetinu til að taka netnámskeið VR. Námskeiðið er sótt á heimasíðu VR, [www.vr.is](http://www.vr.is), og er þar að finna skýrar og einfaldar upplýsingar um hvernig á að bera sig að.

Á netnámskeiði er nemandinn leiddur í gegnum námskeiðið og er

stuðst við texta, ljósmyndir, skýringarmyndir og hreyfimyndir. Texti námskeiðsins er einnig lesinn fyrir nemandann og þá þarf tölvan að hafa hljóðkort og hátalara ef fólk vill nýta sér það. Mikil áhersla er lögð á gagnvirkni og er námsárangur reglulega kannaður með spurningalistum sem nemandinn þarf að svara. Gangi nemandanum vel getur hann haldið áfram en ef hann telur sig ekki hafa náð nægilega góðum tókum á efni getur hann farið til baka eins oft og þurfa þykir. Þannig lærir hver og einn á sínum eigin hraða.

### Kostir við netnámskeið

Mjög margir kostir eru við netnámskeið:

- Netnámskeið eru almennt ódýrari en hefðbundin námskeið og er netnámskeið VR ókeypis fyrir alla.

- Hver og einn getur sótt námskeiðið þegar hann hefur tíma en tímasetningar á hefðbundnum námskeiðum henta e.t.v. ekki alltaf. Tilvalið er að taka netnámskeið VR nokkru áður en starfsmannaviðtalið á sér stað til að nýta það við undirbúninginn.



## ENDURMENNTUN BER ÁVÖXT

Endurmenntun Háskóla Íslands býður fyrirtækjum og stofnunum upp á margskonar fræðslu fyrir starfsfólk sem sníða má sérstaklega að þeirra þörfum.

Þetta eru meðal annars námskeið á sviði markaðssetningar, sölu og þjónustu, samskiptatækni, hugbúnaðar og stjórnunar.

Nýir fræðslukostir eru í sífelldri þróun til að mæta þörfum fagfólks og almennings.

**Markviss endurmenntun tryggir vöxt og vellíðan í lífi og starfi**

Námskrá fyrir haustið 2001 er komin út

[www.endurmenntun.is](http://www.endurmenntun.is)



**ENDURMENNTUN  
HÁSKÓLA ÍSLANDS**  
Dunhaga 7, 107 Reykjavík  
Sími 525 4444



# Netnávísitalið

samkvæmt sinni eigin getu. Sumum finnst of hratt eða of hægt farið yfir námsefni á hefðbundnum námskeiðum. Á netnámskeiðinu stjórnar hver einstaklingur hraðanum sjálfur og getur farið yfir sama kaflann eins oft og þarf til að ná tökum á efniinu.

- Á netnámskeiði er álag vegna væntinga kennara eða annarra minna á nemendum.
- Netnámskeið sparar tíma þar sem enginn tími fer í að ferðast á milli staða.

á meðan maður sinnir náminu. Með góðri tímastjórnun ætti þetta ekki að vera vandamál.

- Netnámskeið krefst meiri sjálfsgæta þar sem það er undir manni sjálfum komið að læra. Hafi maður hins vegar áhuga á náminu kemur aginn af sjálfu sér.
- Margir hafa áhyggjur af því að það dragi úr mannlegum samskiptum með tilkomu netnáms. Netnámskeið eiga ekki við á öllum sviðum, þó ekkert hindri það tæknilega séð. Til að mynda er stundum nauðsynlegt að kennarinn sé í persónulegu sambandi við nemendur. Gott er að blanda saman netnámi og hefðbundinni kennslu ef námsefnið krefst t.d. umræðu milli nemenda og hlutverkaleikja. Oft á tíðum eru myndaðar spjallrásir í tengslum við netnámskeið eða hægt er að hafa samband við kennara í gegnum tölvupóst. Hvað varðar netnámskeið VR er hægt að hafa samband í gegnum tölvupóstfangið starfsmannavíðtal@vr.is eða í síma 510 1700 og tala við ráðgjafa kjaramáladeildar ef einhverjar spurningar vakna um undirbúning fyrir starfsmannavíðtalið.

## FRÆÐSLUMÁL

- Á netnámskeiði eru ekki fjölda-takmarkanir og það er aldrei uppselt.
- Nemandinn getur séð hvernig hann stendur með gagnvirkni og endurgjöf.
- 90% Íslendinga hafa aðgang að internetinu en þeir félagsmenn sem hafa ekki aðgang að netinu geta t.d. sótt námskeiðið á bókasöfnunum sem bjóða upp á ókeypis aðgang.



Rannsóknir hafa sýnt að nemendur geta verið allt að 40-60% fljóttari að tileinka sér námsefni vefbundis náms en á hefðbundnu námskeiði.

### Gallar við netnámskeið

Aðvitað eru líka gallar við netnámskeið og mikilvægt er að gera sér grein fyrir þeim.

- Það eru meiri líkur á að maður verði fyrir truflun þegar maður tekur netnámskeið t.d. heima hjá sér. Því er mikilvægt að skipuleggja sig vel, taka frá góðan tíma fyrir námið og láta aðra víta að maður sé upptekinn

Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, lektor í viðskiptafræði við Háskóla Íslands, sá um námsefnisgerð og fyrirtækið Opnar gáttir, sem sérhæfir sig í vefbundnu námi, sá um hönnun og gerð námskeiðsins. Gerð þess er styrkt af Starfsmenntasjóði félagsmálaráðuneytisins. Hægt er að nálgast námskeiðið á heimasíðu VR strax í upphafi viku símenntunar eða 3. september. Auk þess verður hægt að skoða það í bás VR á Fræðsluhátíð Kringlunnar 8. september n.k. og þar verða leiðbeinendur til staðar.

Alda Sigurðardóttir, fræðslustjóri VR



Geir Hólmarsson og Gylfi Dalmann Aðalsteinsson. Mynd: Erling Aðalsteinsson

# Hvert er virði þitt á vinnnumarkaði?

## Nýtt netnámskeið VR undirbýr þig fyrir samninga um launin

„Þegar þú ræður þig til starfa hjá fyrirtæki semur þú í fyrsta sinn um laun þín. Eftir að þú byrjar má segja að hið raunverulega samningaferli um framtíðarlaun þín hefjist. Þú færð greidd laun annars vegar samkvæmt kjarasamningi, sem tryggir lágmarkslaun og samningsbundnar launahækkunar, og hins vegar á grundvelli markaðslauna eða persónubundinna launa sem þú semur um við þinn yfirmann. Netnámskeið VR miðar að því að undirbúa þig fyrir þær samningaviðræður,“ segir Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, lektor við viðskiptadeild Háskóla Íslands, en hann sá um námsefni á nýju netnámskeiði VR sem kynnt verður í Viku símenntunar. Hægt verður að nálgast námskeiðið á heimasíðu VR, www.vr.is, frá og með 3. september 2001.

**Námskeiðið er kaflaskipt. Fyrsti kaflinn fjallar um ráðningarferlið sjálft og hentar vel þeim sem eru að byrja í nýju starfi.**

Annar kaflinn snýst um sjálfskoðun einstaklingsins þar sem hann skoðar sína eigin stöðu, styrkleika og veikleika og vinnur m.a. verkefni á því sviði. Síðasti kaflinn tekur fyrir samningatæknina sjálfa.

### Áttu skilið að fá launahækkun?

„Þú ferð í gegnum skipulagt ferli í námskeiðinu þar sem áhersla er lögð á að þú áttir þig á virði þínu á vinnnumarkaði. Það er til að mynda alls ekki sjálfgefið að þú fái launahækkun. Eftir að þú hefur tekið námskeiðið getur niðurstaðan hugsanlega verið sú að þú teljir þig ekki eiga hana skilið,“ segir Gylfi.

Námskeiðið hjálpar þér að svara spurningum á borð við *Hvað get ég gert til að verða betri starfsmaður?* og *Hvað get ég gert til að verðskulda launahækkun?* Hver og einn starfsmaður verður að sýna fram á það í starfsmannavíðtalinu að hann verðskuldi launahækkun. Forsenda þess að hann geti það er að hann geri sér grein fyrir eigin verðleikum í starfi.

### Tölvukunnátta ekki skilyrði

En krefst netnámskeiðið mikillar tölvukunnáttu? Nei, segir

Geir Hólmarsson hjá fyrirtækinu Opnum gáttum sem sá um hönnun og gerð námskeiðsins. „Það eina sem þú þarft að gera er að kveikja á tölvunni, opna internetið, fara á heimasíðu VR, www.vr.is, og hlaða niður litlu forriti. Á heimasíðunni eru einnig ítarlegar leiðbeiningar um hvernig þú átt að bera þig að. Námskeiðið er vístað á miðlara og notandinn getur sótt það hvenær sem er, hvort sem er í heild eða einstaka kafla, allt eftir þörfum. Og það skiptir ekki máli hvort hann er í Reykjavík eða á Raufarhöfn, það er sami aðgangur að náminu.“

### Fáðu kennarann heim

Námskeiðið er gagnvirk. Það er byggt upp af texta sem jafnframt er lesinn fyrir notandann, ítarefni, skýringarmyndum og gagnvirkum verkefnum og prófum þar sem niðurstöðurnar liggja samstundis fyrir. „Á netnámskeiði ertu ekki að lesa þér til eins og í bók heldur að fá kennarann heim,“ segir Geir. „Kennslunni er streymt til notandans, ekki einungis námsefninu heldur uppbyggingu kennslunnar og áherslum kennarans sjálfs.“

„Námskeið sem þetta gagnast ekki einungis launþegum heldur ekki síður atvinnurekendum,“ segir Gylfi. „Launþegar verða að eiga inni fyrir sinni kauphækkun. Ef þeir öðlast það, hlýtur það að skila sér í betri starfsmanni sem aftur skilar fyrirtækinu meiri arðsemi. Þetta er beggja hagar.“



## Skráning í fullum gangi!

Ekki falla á tíma...

klippað og klært / U

- Linux netumsjón <sup>(140)</sup>
- Forritun og kerfisfræði <sup>(150)</sup>
- Fornám fyrir forritun og kerfisfræði <sup>(144)</sup>
- Skrifstofu- og tölvunám **1** <sup>(158)</sup>
- Skrifstofu- og tölvunám **2** (Frh.) <sup>(138)</sup>
- Tölvubókhald - (Navision Financials) <sup>(96)</sup>
- Auglýsingatækni <sup>(154)</sup>
- Sölu- og tölvunám <sup>(258)</sup>
- TÖK - Tölvunám <sup>(99)</sup>
- TÖK - Fjarnám
- MCP - Netumsjón <sup>(138)</sup>
- Almennt tölvunám <sup>(72)</sup>
- Tölvunám fyrir eldri borgara <sup>(48)</sup>
- Bókhaldsnám <sup>(120)</sup>
- AutoCad og 3D Studio Max <sup>(174)</sup>
- Vefsíðugerð <sup>(182)</sup> (\*) - kerfisstundir

Hringdu og fáðu nánari upplýsingar eða líttu inn á [www.ntv.is](http://www.ntv.is)

# ntv

## Nýi tölvu- & viðskiptaskólinn

Hólshrauni 2 - 220 Hafnarfirði - Sími: 555 4980 - Fax: 555 4981  
Hlíðasmára 9 - 201 Kópavogi - Sími: 544 4500 - Fax: 544 4501  
Eyravegi 37 - 800 Selfossi - Sími: 482 3937 - Fax: 482 1006

# ÁTT ÞÚ

# RÉTT Á

# FRÆÐSLU-

# STYRK?

Eftirtaldir aðilar veita félagsmönnum VR afslátt af námskeiðsgjöldum skólaárið 2001-2002. Athugið að framvísa þarf staðfestingu á félagsaðild en slíka staðfestingu er unnt að fá á skrifstofu VR, Húsi verslunarinnar, Krínglunni 7, sími 510 1700. Vinsamlega látið vita af félagsaðild og afslætti við skráningu.

**Enskuskólinn** veitir 10% afslátt af öllum námskeiðum. Nánari upplýsingar í síma 588 0303 eða á heimasíðunni [www.ensku-skolinn.is](http://www.ensku-skolinn.is)

**Ferðamálskólinn** í Kópavogi veitir 5% afslátt af heildarverði 1-3 áfanga. Taki umsækjandi fleiri en þrjú áfanga er veittur 10% afsláttur af heildarverði. Þá er veittur 10% afsláttur af alþjóðlegu IATA-UFTAA námi. Nánari upplýsingar í síma 544 5520 eða á

# AFSLÁ

heimasíðunni  
[www.mk.ismennt.is/deildir/ferdir/booklet.htm](http://www.mk.ismennt.is/deildir/ferdir/booklet.htm)

**Fjölmennt / Bréfaskólinn** veita félagsmönnum VR 10% afslátt af námskeiðum árið 2001. Um er að ræða námskeið m.a. í ensku, hraðlestri, markaðssölu, þjónustustjórnun o.fl. Nánari upplýsingar í síma 567 9066 eða á heimasíðunni [www.starf.is](http://www.starf.is)

**Fullorðinsfræðslan** veitir 10% afslátt af almennum námskeiðum og matshæfum prófáföngum í tungumálum og

## Hraðlestrarnámskeið

Lestur er undirstaða náms og mjög mikilvægur við flest störf. Því hraðar sem þú lest, þeim mun meiri verða afköstin. Er ekki kominn tími til að þú aukir afköstin? Lestrarhraði þátttakenda fjórfaldast að jafnaði á námskeiðunum. Við ábyrgjumst að þú nærð árangri.

**Skráðu þig strax í síma 565-9500**



HRADLESTRARSKÓLINN

[www.hradlestrarskolinn.is](http://www.hradlestrarskolinn.is)





**Dæmi:** Félagsmaður sem hefur greitt iðgjald í þrjú ár á inni 36 stig sem samsvarar styrk að upphæð kr. 36 þúsund. Þeir sem eru með hærri tekjur en kr. 150 þúsund á mánuði fá hlutfallslega



## FRÆÐSLUMÁL

hærri styrk. Sem dæmi má nefna félagsmann sem hefur kr. 180 þúsund krónur í tekjur á mánuði. Hann fær 1,2 stig á mánuði ( $180.000 / 150.000 = 1.2$ ) en það samsvarar kr. 1.200 styrk á mánuði.

### Skilyrði fyrir styrk

Skilyrði fyrir því að fá styrk er að félagsmaður sé greiddandi til félagsins þegar sótt er um styrk, þ.e. hafi greitt til sjóðsins lágmarksgjald sem samsvarar lágmarksfélagsgjaldi VR á undan-gengnum 12 mánuðum eða alls kr. 5.678 miðað við árið 2001. Þá er það einnig skilyrði að viðkomandi ljúki þátttöku á námskeiðinu og standist þær kröfur sem gerðar eru.

Styrkur til félagsmanns getur aldrei numið hærri fjárhæð en stígaegn hans. Hann þarf að greiða fyrir námskeiðið sjálfur til að fá greiddan fullan styrk. Ekki eru styrkt námskeið sem atvinnurekandi sendir félagsmann á en taki atvinnurekandi þátt í kostnaði á námskeiði sem er ekki tengt

starfinu þarf hann að staðfesta á greiðslukvittuninni með undirskrift og stimpli hversu stóran hluta hann greiðir.

Styrkir eru greiddir eftir að námi lýkur. Skila þarf inn viðurkenningarskjali um að náminu sé lokið, greiðslukvittun og upplýsingum um banka- og reikningsnúmer. Gögn og umsóknir um styrk þurfa að berast innan 12 mánaða frá námslokum.

### Veittir styrkir

#### Starfsmenntastyrkur

Veittur er starfsmenntastyrkur allt að kr. 60.000 á ári en þó aldrei meira en sem nemur helmingi námskeiðsgjalds. Fullan styrk má nýta í fleiri en eitt námskeið. Stig dragast frá í samræmi við þá fjárhæð sem greidd er. Sé fræðslustyrkur nýttur að fullu dragast 60 stig frá inneign.

#### Tómstundastyrkur

Veittur er styrkur til að sækja tómstundanámskeið að fjárhæð kr. 8.000 á ári, en þó aldrei

## Hafðu hugfast að...

- starfsmenntastyrkur, tómstundastyrkur og ferðastyrkur geta aldrei orðið samanlagt hærri en kr. 60.000 á ári,
- mikilvægt er að öll gögn vegna umsóknar um fræðslustyrk berist VR á sama tíma til að fyrirbyggja tafir á afgreiðslu styrkja,
- styrkir eru greiddir út tvisvar sinnum í mánuði, um mánaðamót og um miðjan mánuðinn.

meira en sem nemur helmingi námskeiðsgjalds. Fullan styrk má nýta í fleiri en eitt námskeið. Stígaegn dregst frá í samræmi við þá fjárhæð sem greidd er. Sé tómstundastyrkur nýttur að fullu dragast 8 stig frá inneign.

#### Ferðastyrkur

Hægt er að sækja um ferðastyrk vegna sérstakra námsferða. Með námsferð er ekki átt

við sölu/vörusýningar, heim-sóknir í einstök fyrirtæki, ráðstefnur almenns eðlis og starfsþjálfun. Reglur um ferðastyrki eru þær sömu og um fræðslustyrki.

Sjá einnig nánar um styrkveit-ingar og reglur Starfsmenntasjóðs-ins sem og umsóknareyðublað um styrk á heimasíðu VR, [www.vr.is](http://www.vr.is) eða á heimasíðu sjóðsins, [www.starfsmennt.is](http://www.starfsmennt.is)

# TTUR TIL FÉLAGSMANNA


stærðfræði ásamt námskeiðum í tölvugrunni. Einnig er veittur 10% afsláttur af gjaldi fyrir einkatíma og námsaðstoð. Nánari upplýsingar í síma 557 1155 eða á heimasíðunni [www.peace.is/f-f/](http://www.peace.is/f-f/)



**Gítarskóli Ólafs Gauks** veitir 10% afslátt af námskeiðsgjöldum. Nánari upplýsingar í síma 588 3730.

gjöldum kvöldnámskeiða. Nánari upplýsingar í síma 551 1990 eða á heimasíðunni [www.is-holf.is/myndlistaskolinn](http://www.is-holf.is/myndlistaskolinn)

**Nýi tölvu- og viðskiptaskólinn** veitir 7% afslátt af almennu tölvunámi og TÖK



tölvunámi. Ekki er veittur afsláttur af lengri námskeiðum. Nánari upplýsingar í símunum 555 4980 og 544 4500 eða á heimasíðunni [www.ntv.is](http://www.ntv.is)

**Rafiðnaðarskólinn** veitir 25% afslátt af almennum tölvunám-

skeiðum. Innifalið í námskeiðsgjöldum eru vandaðar kennslubækur á íslensku. Nánari upplýsingar í síma 568 5010 eða á heimasíðunni [www.raf.is](http://www.raf.is)

**School of Icelandic** veitir félagsmönnum sem eru af erlendu bergi brotnir 10% afslátt af námskeiðum. Nánari upplýsingar í síma 557 1155 eða á heimasíðunni [www.angelfire.com/biz/icelandiclanguage/](http://www.angelfire.com/biz/icelandiclanguage/)

**Skipulag og skjöl ehf** veitir 10% afslátt af námskeiðsgjöldum. Nánari upplýsingar í síma 564 4688 eða á heimasíðunni [www.skjala-stjornun.is](http://www.skjala-stjornun.is)



**Tölvu- og stærðfræðiþjónustan** veitir 10% afslátt af námskeiðum. Nánari upplýsingar í síma 551 5593 eða á heimasíðunni [www.tolst.com/](http://www.tolst.com/)

**Tölvu- og verkfræðiþjónustan** veitir 15% afslátt af íslenskum námskeiðum sem eru 18 klst. eða styttri, 10% afslátt af íslenskum námskeiðum sem eru 19-30 klst. löng og 5% afslátt af öðrum námskeiðum. Afslátturinn miðast við að námskeið sé að fullu greitt innan 5 daga frá upphafi þess. Nánari upplýsingar í síma 520 9000 eða á heimasíðunni [www.tv.is](http://www.tv.is)

**Tölvuskóli Reykjavíkur** veitir 15% afslátt af styttri námskeiðum, 20 kennslustundir og færri, og 20% afslátt af hagnýtu tölvunámi og tölvulæsi. Nánari upplýsingar í síma 561 6699 eða á heimasíðunni, [www.tolvuskoli.is](http://www.tolvuskoli.is)

## Gítarskóli Ólafs Gauks

Það er skemmtileg og afslappandi dægrastytting að spila ofurlítið á gítar. Og hvernig á maður að ná því? Til dæmis skreppa á þriggja mánaða námskeið í Gítarskóla Ólafs Gauks og læra þar eftir einföldum aðferðum undirleik við nokkur alþekkt lög og æfa heima með geisladiski sem fylgir með til æfinga. Þú spilar heim mörg lög um jólin og syngur við raust. Auðvelt fyrir alla aldursflokka. VR félagar fá góð kjör. Innritun hefst 3. september og fer fram daglega kl. 14:00 til 17:00 í skólanum, Síðumúla 17, eða í síma 588-3730.

# gítar

skóli ólafs gauks

# Þú getur ekki stjórnað þekkingu – það getur enginn

Þekking er einn af hornsteinum fyrirtækja í dag og sú auðlind sem ræður hvað mestu um velgengni og samkeppnishæfi þeirra. Hæfni fyrirtækis til þess að læra hraðar en samkeppnisaðilarnir styrkir stöðu þess því í þekkingu liggja auðæfin.

**Auðlindin er starfsfólkið og sú þekking sem það hefur yfir að ráða. Starfsfólk fyrirtækja verður því að geta skapað, miðlað og hagnýtt þá þekkingu sem það býr yfir. Að deila þekkingu með öðrum er grundvallaratriði innan hvers fyrirtækis því í samskiptum manna á milli skapast oft nýjar hugmyndir sem geta leitt til nýsköpunar. Því má segja að þekking sé lykillinn að framförum en að hún er í raun einskis nýt ef fólk gerir sér ekki grein fyrir að miðlun hennar er jafn mikils virði.**

Þegar rætt er um þekkingu er henni gjarnan skipt í tvo flokka; ljósa þekkingu og leynda þekkingu. Segja má að ljós þekking sé sjáanleg, hún er oft og tíðum kerfisbundin og formleg. Ljósa þekkingu má kalla þekkingu rökfestunnar. Leynd þekking aftur á móti er bundin ákveðnu samhengi og því er oft erfitt að koma henni á eitthvað tiltekið form og tjá sig um hana. Hún inniheldur trú manna, innsæi og faglega hæfni. Það má kalla hana þekkingu reynslunnar.

## Það sem þú getur og það sem fyrirtæki gera er að stjórna umhverfi þekkingarinnar

### Ferli þekkingar

Hugmyndin um þekkingarsköpun er bundin þeim forsendum að mannleg þekking sé sköpuð og að hún þenjst út í félagslegri víxlverkun milli leyndrar og ljósrar þekkingar. Ef fyrirtæki leggur of mikla áherslu á ljósa þekkingu getur það leitt til þess að öll gögn tengd fyrirtækinu verði greind niður í smæstu einingar og því verður það hamlandi þáttur. Ef leynd þekking er hinsvegar ofmetin getur fyrirtæki átt það á hættu að reiða sig um of á þá velgengni sem það hefur áður notið. Nauðsynlegt er að hafa kraftmikla

breyta leyndri þekkingu í ljósa þekkingu og í öðru lagi að flytja þekkingu frá því að vera einstaklingsbundin yfir á það form að hún sé aðgengileg í þekkingargrunni fyrirtækja. Fyrir fyrirtæki skiptir þátttaka starfsmanna nefnilega öllu máli, þ.e. hvernig þeir yta undir og stuðla að uppbyggingu, viðhaldi og þróun þekkingar innan fyrirtækisins.

### Upplýsingakerfi eða persónuleg samskipti?

Þátttaka í þekkingarsköpun er eitt þeirra atriða sem mörg fyrirtæki í dag eiga í hvað mestum vandræðum með. Það eru t.d. til margskonar upplýsingakerfi sem ætlað er að auðvelda þetta ferli en þau duga ekki til, a.m.k. ekki ein og

nýttir sem skildi. Sem dæmi má nefna innra net fyrirtækja sem í flestum tilfellum er ætlað að stuðla að aukinni þekkingu meðal starfsmanna. En kannski má líta á þetta þannig að fólk noti ekki gagnagrunna til þess að miðla þekkingu sinni heldur stöðjist við aðrar leiðir svo sem munnleg boðskipti og rafpóst milli hópa og einstaklinga.

Það er því ekki nóg að ætla að nýta sér upplýsingatæknina til þess að miðla þekkingu innan fyrirtækja. Það sem er einna mikilvægast er að starfsfólk hittist og miðli af reynslu sinni og þekkingu. Þess vegna er nauðsynlegt að fyrirtæki skapi vettvang til skoðanaskipta og starfsfólk miðli af reynslu sinni. Með öðrum orðum; það þarf að koma á nokkurs konar þekkingarsamfélögum innan fyrirtækja. Þetta er gert í mörgum fyrirtækjum í dag og láta menn ofast vel af slíkri miðlun þekkingar.

### Hvatning og traust innan fyrirtækja

Ætli fyrirtæki að yta undir og örva þekkingarmiðlun eru hvatning og traust mikilvægustu þættirnir sem hafa verður í huga. Það skiptir einnig miklu máli að hagsmunir starfsmanna og fyrirtækis fari saman því annars getur ferlið orðið mjög erfitt. Fyrirtæki sem vilja að starfsfólkið miðli þekkingu sinni þurfa að huga að fjórum þáttum:

- fjarlægja hindranir sem standa í vegi fyrir þekkingarmiðlun,
- tengja framlag starfsmanna við tækifæri og stöðuhækkunar,
- sjá til þess að þeir sem leggja mikið af mörkum fái umbun í samræmi við framlag sitt,
- finna út hvernig hagsmunir starfsfólksins og fyrirtækisins fara saman.

Sé litid á þessa fjóra þætti má sjá að sí- og endurmenntun er mikilvæg þegar rætt er um t.d. hvernig hagsmunir starfsfólks og fyrirtækis fara saman. Einungis það að starfsfólk hafi kost á því að afla sér auk-



Ásta Dís Óladóttir

innar menntunar skilar sér margfalt til baka inn í þekkingargrunn fyrirtækisins.

Fyrir þekkingarfyrirtæki skiptir traust gríðarlega miklu máli því í mörgum fyrirtækjum má segja sem svo að mjög stór hluti þeirrar þekkingar sem fyrirtækið býr yfir gangi út kl 17 á daginn. Traust getur birst á marga vegu og hefur það áhrif á hvernig þekkingarsköpunarferlinu reiðir af innan fyrirtækja. Það hvort fyrirtæki nái að byggja upp traust og nota það til þess að örva þátttöku starfsfólksins fer eftir því hvort það nær að;

- stuðla að gerð samninga sem fela í sér og hvetja til gagnkvæmra samskipta,
- móta skýra stefnu um hvernig skuli nota vitsmunalegan auð fyrirtækisins,
- hvetja starfsfólkið til þess að birta og miðla þekkingu í eigin nafni til þess að stuðla að og tryggja eignarrétt.

Af þessu má sjá að þú getur ekki stjórnað þekkingu því það getur enginn. Það sem fyrirtæki þurfa hinsvegar að leggja áherslu á er að stjórna umhverfi þekkingarinnar.

Ásta Dís Óladóttir  
Samskipta- og kynningarfulltrúi  
viðskipta- og hagfræðideildar HÍ



## FRÆÐSLUMÁL

sér. Að auki eru þessi umbreytingarferli kostnaðarsöm og tímafrek. Það mætti einnig spyrja sig þeirrar grundvallarspurningar hvernig stjórnendur ætla að tryggja, þegar þeir hafa fjárfest í rándýrum búnaði, að sú þekking sem starfsfólkið býr yfir skili sér inn í kerfið.

Margir stjórnendur hafa haldið því fram að starfsfólk miðli ekki þekkingu nægilega sín á milli. Máli sínu til stuðnings benda þeir á gagnagrunna sem settir hafa verið upp í þessum tilgangi en ekki

víxlverkun milli þessara tveggja þátta til þess að ná út fyrir fyrri upplifun eða reynslu.

Því er haldið fram að „framleiðsla“ nýrrar þekkingar feli í sér ferli sem á kerfislegan hátt eykur við þekkingu sem sköpuð er af einstaklingnum og gerir hana sýnilegri sem hluta af þekkingarneti fyrirtækja. Það er einkum tvennt sem drífur ferlið sem eykur þekkingu áfram. Í fyrsta lagi að um-

**Husk** er 100% náttúrulegt „þarmastillandi“ efni, sem samanstendur af hreinni, hreinsaðri fræskurn af indversku lækningajurtinni *Plantago Psyllium*.

Husk er án sykurs eða bragðefna og bætir starfsemi þarmanna á vægan hátt.

Husk fæst í apótekum um allt land!

Við öll tækifæri

**ora**

VÖRUR

[www.lyfja.is](http://www.lyfja.is)

Opið alla daga vikunnar  
**8-24**

í Lyfju Lág múla

og Lyfju Smáratorgi

**LYFJA**  
– lyf á lágmarksverði



# MÍMIR

TÓMSTUNDASKÓLINN

Tungumál

Dagnámskeið

Myndlist

Tölvunámskeið

Fyrstu námskeið

á haustönn

# 2001

hefst 19. september

Barna- og unglinganámskeið

Starfsmenntaskólinn

Saumar og þrjón

Tómstundir

Menning og mannrækt

Matur og vín

Sími: 588 72 22 • [www.mimir.is](http://www.mimir.is)





# LOKAVERKEFNASTYRKUR VR:

## Umsóknarfrestur er til 15. október

VR mun í fyrsta skipti í haust úthluta lokaverkefnastyrk VR. Markmiðið með styrknum er að efla rannsóknir á vinnumarkaði með því að hvetja nemendur á háskólastigi til að huga betur að þessum málaflokki.

**Styrkurinn er ætlaður nemendum sem vinna að rannsóknum eða verkefnum tengdum vinnumarkaðinum á breiðum grundvelli, enda um þverfaglegt efni að ræða.**

Verkefnin geta fjallað um allt frá heilsu fólks á vinnumarkaði til launapróunar síðustu ára.

Nemendur sem eru að undirbúa lokaverkefni sitt fyrir vorönn 2002 geta sótt um styrk. Einn styrkur verður veittur að upphæð kr. 250.000. Styrkurinn


verður veittur í þremur hlutum, kr. 50.000 við tilkynningu á styrknum, kr. 100.000 við áfangaskýrslu og kr. 100.000 við verklok. Umsóknarfrestur rennur út 15. október 2001.

### Að sækja um styrk

Umsókn um styrkinn skal vera nafnlaus og hafa að geyma 1-2 blaðsíðna lýsingu á verkefninu og aðgerða- og tímaáætlun. Einnig þarf að fylgja ljósrit af einkunnum (vinsamlega afmáðu nafn þitt af gögnunum). Með umsókn fylgi í lokuðu umslagi upplýsingar um nafn nemanda, heimilisfang, símanúmer og netfang. Einnig þurfa að fylgja með upplýsingar um nafn leiðbeinanda, símanúmer og netfang ásamt frumriti einkunnvottorðs.

Umsóknir skulu berast til Verzlunarmannafélags Reykjavíkur, Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, 103 Reykjavík, í síðasta lagi 15. október 2001 en úthlutun verður þann 1. nóvember

2001. Í dómnefnd sitja Elísabet M. Andrésdóttir, verkefnastjóri hjá Rannsóknarmiðstöð



## FRÆÐSLUMÁL

Háskólans í Reykjavík, Dr. Stefán Ólafsson, prófessor í félags- og atvinnulífsfræði við Háskóla Íslands, og Alda Sigurðardóttir, fræðslustjóri VR.

Frekari upplýsingar veitir Alda Sigurðardóttir í síma 510 1700. Engar kvaðir hvíla á þeim er styrkinn hlýtur aðrar en þær að afhenda VR eintak af verkefninu.

Krafan um þekkingu, aukna sérhæfingu og fjölbreyttara menntastig á flestum sviðum hefur vaxið til muna á undanförunum árum. Aldrei fyrr hafa verið gerðar eins miklar kröfur til starfsfólks og nú. Vinnan er orðin flóknari, sem krefst aukins innsæis og samstarfs, og hraðinn er orðinn meiri, sem krefst frumkvæðis og drifkrafts. Þjóðfélag og atvinnulíf nútímans einkennist af aukinni óvissu um framtíðina og sífellt örari breytingum sem auk þess

koma úr fleiri áttum en áður hefur þekkst. Það eina sem við getum í raun gengið að sem vissu eru sífelldar breytingar.

**Enginn veit hvað morgundagurinn leiðir af sér. Eina tryggingin sem við getum náð okkur í er að vera opin fyrir nýjum tækifærum, sýna jákvætt viðhorf, forvitni og persónulegt frumkvæði til að afla okkur nýrrar þekkingar og hæfni.**

Bilið sem varðar samkeppnishæfni á vinnumarkaði og möguleika til lífsgæða tengist í auknum mæli viðhaldi á hæfni og þekkingu. Sá sem tileinkar sér ekki nýja þekkingu og færni er síður í stakk búinn til að takast á við þær sibreytilegu kröfur sem atvinnulífið og samfélagið gera til hans. Þekkingin er orðin dýrasta aflið í samfélaginu.

### Ásýnd atvinnulífsins breytist

Metsölurithöfundurinn Alvin Toffler, sem skrifaði m.a. bókina *The Third Wave*, heldur því fram að við séum komin inn í þriðja umbreytingatímabil sögunnar sem nefnt hefur verið „þekkingarsamfélagið“. Fyrsta umbreytingatímabilið var fyrir um 10.000 árum þegar mannkynið hætti að hlaupa um sléttur, settist að og hóf landbúnað. Þá hófst tímabil þar sem menn fóru að búa saman og þróa menningu. Landið varð verðmætt því þar mátti rækta.

Næsta umbreytingarskeiðið var iðnbyltingin sem hófst á 18. öld þegar mannkynið yfirgaf sveitina og landbúnaðinn og fór að vinna í verksmiðjunum, sem framleiddu vörur. Á þessu tímabili urðu framleiðsluþættirnir þrjár: land, vinnuafli og fjármagn.

Í þriðja umbreytingarskeiðinu, sem við hrærumst í í dag, hefur hugvitið, þekkingin og kunnáttan leyst af vöðvaflíð og vélnar

# Lærðu

sem undirstaða framfara. Þetta tímabil kallar Toffler „þekkingar- eða upplýsingatímabilið“. Verðmæti fyrirtækja liggur ekki lengur í hlutum (landi, húsum, bílum, vörum á lager) heldur í þekkingu, þjónustu og upplýsingum. Fyrirtæki í dag eru þjónustu- og þekkingarfyrirtæki þar sem sérfræðingar vinna fyrst og fremst með upplýsingar, þekkingu, álit og fagmennsku. Þekkingin er orðin hræfni og hæfnin til að vinna þekkinguna er orðin verðmæti.

Í dag þarf maður ekki endilega atvinnutæki eða verksmiðju til að hafa áhrif. Þekkingin og hæfnin eru orðin dýrmætari en framleiðslutækin. Þetta þýðir fyrir fyrirtæki eins og t.d. Delta. Íslenska erfðagreiningu og IMG að það eru ekki fasteignir, vélar eða tæki sem standa undir fyrirtækinu heldur þekking og hæfni starfsfólksins til að geta þróað, hannað og selt það sem fyrirtækið starfar við. Framtíð þessara fyrirtækja byggir á þekkingu og hæfni sem býr í kollinum á þeim starfsmönnum sem hjá þeim starfa.

### Íslensk fyrirtæki verja 2% af launaveltu í fræðslumál

Þetta setur nútíma fyrirtæki á aðra aðstöðu en fyrirtæki hafa verið í hingað til þar sem varan var stöðluð, vinnan oft tiltölulega auðveld og maður kom einfaldlega á manns stað. Vinnuaflið var mjög háð fyrirtækjunum og fyrir starfsfólk og vinnuveitendur var ástæða til að semja sérstaklega um sjálf-sögdustu réttindi og skyldur. Í þekkingar- og þjónustusamfélaginu býr undirstaða verðmætastöpunarinnar í starfsfólkinu. Í dag er það geta fyrirtækja til að nýta sér sköpunargáfu, frumkvæði og hæfni starfsfólksins sem greinir á milli þeirra sem skara fram úr og þeirra sem sitja eftir í samkeppninni. Aldrei fyrr í sögunni hafa fyrirtæki verið jafn háð starfsfólkinu sínu og einmitt í dag.

Rannsóknir sýna að íslensk fyrirtæki bregðast við þessari þróun með því að leggja aukna áherslu á þjálfun og fræðslu. Í könnun Gallup um starfsmannastjórnun í íslenskum fyrirtækjum frá september 2000 voru svarendur spurðir um breytingar á ýmsum þáttum varðandi þjálfun og fræðslu starfsfólks á næstu tveimur árum í þeirra fyrirtæki. Allir svarendur telja að þjálfun og fræðsla almennt munu aukast á þessu tímabili. Ríflega 93% svaraenda telja að útgjöld fyrirtækja til þjálfunar / fræðslu muni aukast á næstu tveimur árum. Tæplega tveir þriðju svaraenda telja að þjónustunámskeið muni aukast og 83% svaraenda telja að stjórnendabjálfun muni aukast. 79% svaraenda telja að aðkeypt þjálfun og fræðsla muni aukast.

Í könnuninni kemur ennfremur

# HVAÐ


## eru VR félagar að læra?

**Vinsælasta námið meðal VR félaga er tölvunám, tungumálanám og ýmiss konar tómsundanámskeið.**

Þetta má lesa úr upplýsingum um námskeiðssókn félagsmanna á síðasta ári.

Um 1.700 félagsmenn fengu fræðslustyrk á árinu 2000; 19% þeirra fengu styrk til að sækja tungumálanámskeið, jafnmargir til að sækja tómsundanámskeið og lítið eitt færri eða 18% fengu fræðslustyrk vegna tölvunáms.

### Námskeiðssókn félagsmanna VR árið 2000





# eins og þú munir lifa að eilífu



**Ingrid Kuhlman**

fram að íslensk fyrirtæki verja að meðaltali um 2% af launaveltu í fræðslumál. Þetta eru sambærilegar tölur og gengur og gerist í Bandaríkjunum því að samkvæmt 2001 State of the Industry Report frá American Society for Training and Development (ASTD) var hlutfall launakostnaðar sem varið var til þjálfunar í Bandaríkjunum 1,8% árið 1999.

## Vakning í samfélaginu um stöðuga þekkingaröflun

Fyrir einstaklinga þýða breytingarnar á vinnumarkaðinum að starfsframi hvers og eins er meira undir honum sjálfum kominn en áður var. Það er ekki lengur nóg að mæta samviskusamlega í vinnuna og stunda hana af kappi, heldur þurfum við að viðhalda þekkingu okkar og selja okkur sem hverja

aðra vöru. Það hefur orðið ákveðin vakning hvað þetta varðar á síðustu árum og meiri áhersla hefur verið lögð á símenntun og þekkingaröflun sem hluti af starfi eða starfsskyldum fólks.

Segja má í raun að nám og vinna séu að renna saman. Stéttarfélag eins og VR bjóða félagsmönnum sínum í vaxandi mæli aðgang að starfsmennta- og fræðslusjóðum sem hafa það að markmiði að styðja við endurmenntun félagsmanna og tryggja þar með stuðning til símenntunar á hverju ári. Menntamálaráðuneytið hefur einnig lagt sitt af mörkum til að hvetja til vakningar um stöðuga menntun og þekkingaröflun. Ráðuneytið setti af stað fimm ára áttak árið 1999 og skipaði nefnd sem hefur það hlutverk að vekja athygli almennings á mikilvægi símenntunar og hvetja til virkrar þátttöku fólks í símenntun. Árlega verður haldinn dagur eða vika símenntunar meðan á áttakinu stendur.

## Svo lengi lærir sem lifir

Þekkingin í dag er með þeim hætti að skólalærdómur úrelldist á nokkrum árum. Samkvæmt bandaríska prófessornum Dr. Dwight Allen, sem nýverið hélt fyrirlestur á Íslandi á námskeiðinu Lífsleikni á 21. öldinni á vegum Íslensku menntasamtakanna, úrelldist helmingur allrar kunnáttu og fróðleiks sem fólk býr yfir á þremur árum. Áður fyrir skiptist starfsferill einstaklings í þrennt: nám, starf og eftirlaunaár. Það að koma úr námi og vera þá menntaður fyrir ævina á í dag ekki



lengur við, heldur þurfum við öll að leita áframhaldandi og stöðugri (endur)menntunar ævilangt – frá vöggu til grafar – jafnhliða öðrum störfum.

Menntun og hjálfun eru þannig orðin órjúfanlegur þáttur lífsferils okkar, við þurfum að læra eins og við munum lifa að eilífu. Afleiðing þessarar þróunar er að menntun mun færast nær afþreyingu og verða upplifun og lífsstíll í stað þess að vera kvöð. Hún verður ekki lengur eitthvað sem við *verðum* að fjárfesta í heldur eitthvað sem við *viljum* fjárfesta í og hafa ánægju af. Kröfurnar um að námskeið og hjálfun sé lifandi og skemmtileg munu aukast, menntun á að vera skemmtun.

## Þekkingin opnar margar dyr

Stöðug endurnýjun þekkingar og hjálfunar opnar margar dyr og er nauðsynleg hverjum þeim sem vill tryggja stöðu sína í nútíma-samfélagi. Þetta á jafnt við um einstaklinga, vinnustaði og samfélag. Fræðsla og hjálfun hjálpar einstaklingum að auka þekkingu sína og færni til starfa og styður þannig fyrirtækin sem þeir starfa í við að þróa og efla samkeppnishæfni sína. Námskeið auðvelda jafnframt einstaklingum sjálfum að styrkja stöðu sína á vinnumarkaðinum og þar með möguleika til starfsframa og / eða breytinga í starfi. Slíkt getur síðan aftur leitt

til aukinnar starfsánægju og möguleika á fjölbreyttara starfi eða meira krefjandi verkefna. Starfsfólk með sérhæfða þekkingu og kunnáttu stendur í dag auk þess yfirleitt mjög vel að vígi fjárhagslega séð og á síður við atvinnuleysi að stríða en aðrir. Námskeið gera fólk opnara fyrir nýjum hugmyndum og auka löngun þess til að læra meira. Óbeint leiðir þátttaka í námskeiðum til sjálfsstyrkingar, aukins sjálfsstrausts og sterkrar ímyndar, sem er nauðsynleg þar sem starfað er í faglegu umhverfi.

*Ingrid Kuhlman, framkvæmdastjóri Þekkingarsmiðju IMG*

# Vertu betri í starfi



VR býður félögum sínum að sækja um sérstaka styrki til starfsmenntunar, allt að 60 þúsund krónum eða sem nemur stigaeign viðkomandi.

Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks var stofnaður í tengslum við gerð kjarasamninga árið 2000. Fullgildur félagsmaður getur fengið allt að helming af námskeiðsgjöldum endurgreitt eftir lok námskeiðs.

Hægt er að sækja um styrk á skrifstofu VR en umsóknareyðublað er einnig að finna á VR vefnum, [www.vr.is](http://www.vr.is), sem hægt er að faxa á skrifstofuna útfyllt ásamt greiðslukvittun og viðurkenningarskjali.

Nánari upplýsingar í síma 510 1700 og á [www.vr.is](http://www.vr.is).



Starf okkar  
eflir  
þitt starf

Verzlunarmannafélag Reykjavíkur



# MARKAÐSLAUNANÁMSKEIÐ

## Að semja um launin

Í síðustu kjarasamningum VR og atvinnurekenda var samið um persónubundin laun eða markaðs-laun og rétt félagsmanna til árlegs viðtals við vinnuveitendur um laun og starfskjör. VR býður félagsmönnum sínum ókeypis námskeið til að undirbúa þá undir þetta viðtal. Á síðasta vetri sóttu yfir 400 félagsmenn slíkt námskeið. Námskeiðið er 9 klst. langt og verður m.a. lögð áhersla á að leita svara við eftirfarandi spurningum:

1. Hvað eru markaðslaun?
2. Hvert er markaðsvirði mitt á

vinnumarkaðinum?

3. Hvernig á ég að bera mig að í samningum við vinnuveitanda minn?
4. Hvernig nýti ég mér launakönnun VR?
5. Hvernig get ég aukið markaðsvirði mitt á þann hátt sem ég er sátt(ur) við?

Fjallað verður um hugmyndafræðina á bak við markaðslaunin, félagsmönnum kynntar leiðir til að geta lagt mat á vinnuframlag sitt, styrki sína og veikleika. Áhersla verður lögð á að félagsmenn geti

borið sig saman við aðra að teknu tilliti til menntunar, hæfni, reynslu, árangurs og frammistöðu í starfi.



Kenndar verða mismunandi aðferðir í samningatækni, hvernig á að undirbúa launaviðtal á árangursríkan hátt og hvernig hægt er að fylgja eftir niðurstöðum þess. Leiðbeinendur eru Ingrid Kuhlmann og Eypór Eðvarðsson frá Þekkingarmiðjunni, IMG.

### Hvenær er námskeiðið haldið?

#### Námskeið I:

17., 19. og 20. september kl. 19:00-22:00

#### Námskeið II:

24., 26. og 27. september kl. 17:00-20:00

#### Námskeið III:

1., 3. og 4. október kl. 17:00-20:00

#### Námskeið IV:

8., 10. og 11. október kl. 19:00-22:00

#### Námskeið VI:

15., 17. og 18. október kl. 13:00-16:00

## Starfsmannaviðtö **NÝTT**

Netnámskeið sem hægt er að nálgast á heimasíðu VR hvenær sem er. Sjá nánari umfjöllum á bls. 5-6 og [www.vr.is](http://www.vr.is).

# JAFNRETTISNÁMSKEIÐ

## Námskeið fyrir konur

VR samþykkti fyrr á þessu ári jafnréttisstefnu þar sem áhersla er lögð á jafnrétti á vinnumarkaði óháð kyni. Í stefnunni segir að sérstaklega þurfi að efla menntun kvenna, m.a. með því að bjóða sér-tæk námskeið fyrir konur. Í vetur býður VR upp á tvö námskeið sem sérstaklega eru ætluð konum, annars vegar stjórnunarnámskeið og hins vegar sjálfsstyrkingarnámskeið.

## Konur til forystu **NÝTT**

Námskeið fyrir konur annað hvort með 5 ára starfsreynslu eða háskólamenntun og 2ja ára starfsreynslu. Leiðbeinendur eru Ingrid Khulmann og fl. frá Þekkingarmiðjunni, IMG. Námskeiðið er alls 7 klst. langt og verður m.a. fjallað um:

- Starfsþróun og starfsframa
- Hlutverk stjórnenda í nútíma-fyrirtækjum
- Breytingar

- Hópa og hóp-hlutverk
- Markmiðasetningu

Þátttakendur skilgreina eigin áhuga og væntingar um starfsframa og fara í sjálfsskoðun þar sem þeir velja fyrir sér spurningum eins og: Hvaða hæfni bý ég yfir? Hvaða hæfni vil ég öðlast? Hvert vil ég stefna?

Á námskeiðinu fræðast þátttakendur einnig um hlutverk stjórnandans og fá innsýn í stjórnunarhegðun. Stjórnendur nútíma-fyrirtækja þurfa að skilgreina þjónustu sína með tilliti til starfsfólksins. Mikili er í húfi því það er engin tilviljun að helsta ástæða



uppsagna er samskipti við stjórnendur. Hæfni stjórnenda í mannlegum samskiptum er því orðin afar mikilvæg.

Síðasti áratugur hefur verið áratugur breytinga í viðskipta-umhverfinu. Rannsóknir hafa sýnt að helsta ástæða þess

að breytingar mistakast sé andstaða starfsmanna. Á námskeiðinu verður farið í forsendur breytinga og hlutverk stjórnenda í breytingaferlinu. Á námskeiðinu kynnst þátttakendur helstu hamlandi þáttum í breytingum og áhrifa-

þáttum á hegðun starfsfólks.

Þá er á námskeiðinu fjallað um myndun og hvatningu skilvirkra hópa og skoða þátttakendur styrkleika sína og veikleika í hópstarfi. Í lok námskeiðsins setja þátttakendur sér markmið sem geta varðað persónulegan þroska þeirra eða starfið.

### Hvenær er námskeiðið haldið?

#### Námskeið I:

12. og 13. september kl. 18:00-21:30

#### Námskeið II:

24. og 25. október kl. 18:00-21:30

#### Námskeið III:

14. og 15. nóvember kl. 18:00-21:30

## Tjáning og tækifæri **NÝTT**

Námskeið sem er opið öllum konum innan VR. Á hverju námskeiði, sem er alls 10,5 klst., eru að hámarki 16 þátttakendur.

Leiðbeinendur eru Mjöll Jónsdóttir, Kristján Árnason og Raket Ýr Guðmundsdóttir, verkefnastjórnar hjá Skref fyrir skref.

Helstu markmið með námskeiðinu eru að þátttakendur öðlist aukið öryggi, læri að nýta styrki sína og kosti og hvernig á að ryðja úr vegi hindrunum og geti tekist á við ögrandi verkefni. Á námskeiðinu verður m.a. fjallað um samskiptahæfni, hvernig á að byggja upp jákvætt viðhorf og brjóta niður múra, hvernig á að stjórna kviða og öðlast örugga framkomu.

Að lokum verður fjallað um tjáningu í ræðustól, hvernig á að greina styrkleika og veikleika í tjáningu og farið í endurgjöf og gagnrýni. Námskeiðið er unnið í verkefnavinnu og í umræðuhópum ásamt innleggi leiðbeinenda og æfingum þátttakenda.

### Hvenær er námskeiðið haldið?

#### Námskeið I:

26. september, 1. og 3. október kl. 18:00-21:30

#### Námskeið II:

10., 15. og 17. október kl. 18:00-21:30

#### Námskeið III:

18. október kl. 17:00-21:00 og 29. október kl. 9:00-15:30

# STARFSGREINANÁMSKEIÐ

Starfsgreinanámskeið VR eru styrkt af starfsmenntasjóði Félagsmálaráðuneytisins. Markmiðið er að styrkja félagsmenn í starfi og eru þau því beggja hagar; starfsmanna og fyrirtækja. VR hvetur því atvinnurekendur til að tryggja starfsmönnum dagvinnulaun í þeim tilfellum þegar námskeiðin eru haldin á dagvinnutíma.

Ef áhugi er innan einstakra fyrirtækja að fá neðangreind starfsgreinanámskeið fyrir starfsmenn fyrirtækisins getur VR orðið við þeim óskum fyrirtækjum að kostnaðarlausu, að því tilskyldu að kennt er á dagvinnutíma. Nánari upplýsingar í síma 510 1700.

## Bækur og ritföng **NÝTT**

Sextán klst. langt námskeið fyrir starfsfólk í bóka- og ritfanga-

verslunum. Fjallað verður um gerð bóka og bókaútgáfu, ritföng, sölu og markaðssetningu tímarita sem og hvernig á að leita að bókum á internetinu. Þá verður einnig fræðsla um þjónustu og viðmót.

Kennt verður á þriðjudögum kl. 8:30-12:00 dagana 16., 23. og 30. október og 6. nóvember. Leiðbeinendur eru Ragnhildur Bender, Benedikt Kristjánsson, Valva Árnadóttir, Sigurður Haraldsson, Ólafur Sveinsson, Bryndís Loftsdóttir og Harpa Gunnarsdóttir.

## Markaðssetning ferðaþjónustu **NÝTT**

Námskeið fyrir starfsfólk í ferðaþjónustu, alls 20 klst. Á námskeiðinu verða kennd helstu



undirstöðuatriði í markaðsfræðum en allt markaðsumhverfið í ferðaþjónustu tekur stórfelldum breytingum um þessar mundir.

Kennt verður á þriðjudögum kl. 18:00-21:30 dagana 30. október, 6., 13., 20. og 27. nóvember. Leiðbeinendur eru Magnús Pálsson og Jóhannes Georgsson.

## Sala á byggingavörum **NÝTT**

Námskeið fyrir starfsfólk í byggingavöruslunum. Námskeiðið, sem var unnið af Menntafélagi byggingariðnaðar-

ins, spannar alla helstu flokka byggingavöruslana. Það er alls 40 klst langt í 8 lotum. Fjallað verður um eftirfarandi þætti:

1. Málningu, lím og þéttiefni
2. Pípulagnaefni
3. Gagnvarið timbur, pallaeefni, garðverkfæri og hellur
4. Festingar
5. Gólfefni
6. Hurðir og innréttingar
7. Timbur, stál, einangrun og múrvörur
8. Unnið timbur, plötur og þakefni

Kennt verður á þriðjudögum kl. 8:00-12:30 dagana 18. og 25. september, 2., 9., 18., 23. og 30. október og 6. nóvember. Leiðbeinendur eru Hafsteinn Eggertsson, Sigurður Grétar Guðmundsson og Þórður Markús Þórðarson.

## Meðferð og sala á grænmeti og ávöxtum

Sextán klst. langt námskeið fyrir starfsfólk sem vinnur með grænmeti og ávexti, hvort sem er starfsfólk í grænmetisborðum stórmarkaða eða í heildsölum. Farið verður yfir tegundir grænmetis og ávaxta, kennd meðferð þeirra, geymsluþol og fleira.

Námskeiðið verður kennt á vorönn 2002 og verða nákvæmari tímasetningar auglýstar síðar. Leiðbeinandi verður Björn Gunnlaugsson garðyrkjukandidat.

## Námskeið í textíl

Sextán klst. langt námskeið fyrir starfsfólk sem starfar með vefnaðarvöru, tilvalið fyrir starfsfólk í fata- og tiskuvöruslunum. Farið verður í efnisfræði, meðferð efna/textíls og meðhöndlun.

Námskeiðið verður kennt á vorönn 2002 og verða nákvæmari tímasetningar auglýstar síðar. Leiðbeinandi verður Arnþrúður Ösp Karlsdóttir textílhönnuður.





# NÁMSKEIÐ VR VETURINN 2001-2002

Í þessari opnu er að finna upplýsingar um námskeið á vegum VR veturinn 2001-2002. Námskeiðin eru félagsmönnum að kostnaðarlausu. Vinsamlega athugið að félagsmaður getur einungis skráð sig á eitt ókeypis námskeið á önn.

Skráning á námskeiðin og í námsráðgjöfina er í síma 510 1700 eða á heimasíðu VR, [www.vr.is](http://www.vr.is). Kennst verður í húsnæði VR, Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, á fyrstu hæð (gengið inn um aðalinnangang hússins) nema annað sé tekið fram.

# NÁMSKEIÐ FYRIR TRÚNAÐARMENN

## Trúnaðarmanna- námskeið

Hefðbundin trúnaðarmanna-námskeið þar sem áhersla er lögð á að kynna starfsemi félagsins og þjónustu þess, farið er yfir kjarasamninga, réttindi og skyldur og margt fleira. Leiðbeinendur eru starfsfólk VR og fleiri aðilar.

**Trúnaðarmannanámskeið I**  
18., 19., 25. og 26. september,  
kl. 8:30-16:30

**Trúnaðarmannanámskeið I**  
16., 17., 30. og 31. október,  
kl. 8:30-16:30

**Trúnaðarmannanámskeið II**  
2. og 3. október, kl. 8:30-16:30

## Trúnaðar- mannaskóli **NÝTT**

Boðið verður upp á nýjung fyrir trúnaðarmenn í vetur, svokallaðan trúnaðarmannaskóla. Námið er alls 32 stundir og verður kennt hálfan dag í einu fyrir hádegi. Tvær vikur a.m.k. líða milli kennslu. Alls verður boðið upp á tvö námskeið í vetur og er þátttaka takmörkuð við 16 manns á hvoru námskeiði. Leiðbeinendur eru Hansína B. Einarsdóttir, forstjóri Skref fyrir skref, Mjöll Jónsdóttir, Kristján Árnason og Rakel Ýr Guðmundsdóttir, verkefnastjóri verkefnisins.

Markmiðið með skólanum er að efla trúnaðarmenn VR í starfi og einkalífi með því að hjálpa þeim að:

- Byggja upp sjálfstraust og samskiptahæfni
- Geta tjáð sig af öryggi
- Geta stýrt fundum á faglegan og skipulagðan hátt
- Geta tekist á við erfiðar aðstæður og vandamál í starfi sem trúnaðarmaður

Samkvæmt kjarasamningum eiga trúnaðarmenn rétt á að sækja námskeið í allt að eina viku á ári og halda dagvinnutekjum á meðan. Í fyrirtækjum þar sem starfa fleiri en 15 starfsmenn skulu trúnaðarmenn halda dagvinnutekjum í allt að tvær vikur á fyrsta ári. Hver trúnaðarmaður er kosinn til tveggja ára en flestir trúnaðarmenn starfa mun lengur. Trúnaðarmenn sem hafa lokið grunnnámskeiðinu Trúnaðarmannanámskeið hafa rétt til að sitja námskeiðið. Þeir sem hafa lokið námskeiðinu Trúnaðarmannanámskeið II hafa forgang.

Eftirfarandi eru helstu þættir til umfjöllunar í trúnaðarmannaskólanum:

1. Staða og stefna á vinnumarkaði framtíðarinnar

- Markmiðasetning
- Vinnumarkaðurinn
- Breytingar í vinnuumhverfinu
- Upplýsingatækni/leikni
- Auknar símenntunarkröfur
- Viðbrögð við breytingum
- Jafnvægi milli vinnu og einkalífs
- Ég og framtíðin

2. Að skapa traust í samskiptum

- Samskiptahæfni
- Sjálfstraust
- Samskipti við samstarfsmenn / stjórnendur
- Viðhorf
- Að byggja upp tengslanet
- Hlusta, gagnrýna og hrósa

3. Örugg tjáning

- Að brjóta niður múra og þora
- Tjáskipti án orða
- Að stjórna kvíða og takast á við streitu
- Örugg framkoma / ræðumennska
- Að styrkja sig og fá styrk frá öðrum
- Að þekkja styrk sinn og veikleika í tjáningu/framkomu
- Tjáning í pontu

4. Markvissir fundir

- Markmið og mismunandi tegundir funda
- Fundastjórnun
- Undirbúningur
- Framkvæmd funda - dæmavinna
- Eftirfylgni og árangur
- 6 hatta aðferðin

5. Staða og hlutverk trúnaðarmanna

- Ábyrgð og hlutverk trúnaðarmanna
- Trúnaðarmaðurinn
- Samspil og samskipti trúnað-

armanna við starfsmenn og stjórnendur fyrirtækisins

- Að brúa bilið – að vera í erfiðri stöðu
- Margar hliðar á einu máli
- Viðsýni

6. Samningalist

- Að undirbúa samninga
- Að skoða eigin styrk
- Hvernig vinnur sá sem þú ert að semja við?
- Að vera strand í samningum
- Aðstæður og umhverfi

7. Að glíma við vandamál

- Að takast á við erfiða einstaklinga
- Að taka á móti fólki í erfiðleikum
- Algengustu vandamál sem upp koma hjá trúnaðarmönnum og úrlausnir
- Endurskoðuð framtíðarmarkmið
- Námskeiðamat

## Námskeið I

### Fyrir áramót

*Staða og stefna á vinnumarkaði framtíðarinnar:*

26. sept. 2001 kl. 8-12.

*Að skapa traust í samskiptum:*

10. október 2001 kl. 8-12.

*Örugg tjáning:*

24. október 2001 kl. 8-12

*Markvissir fundir:*

7. nóvember 2001 kl. 8-12

### Eftir áramót

*Staða og hlutverk trúnaðarmanna:*

23. janúar 2002 kl. 8-12

*Samningalist:*

6. febrúar 2002 kl. 8-12

*Að glíma við vandamál:*

20. febrúar 2002 kl. 8-12

*Að glíma við vandamál, framhald:*

6. mars 2002 kl. 8-12

### Skólaslit:

12. mars 2002 kl. 17-19.

## Námskeið II

### Fyrir áramót

*Staða og stefna á vinnumarkaði framtíðarinnar:*

27. sept. 2001 kl. 8-12.

*Að skapa traust í samskiptum:*

11. október 2001 kl. 8-12.

*Örugg tjáning:*

25. október 2001 kl. 8-12

*Markvissir fundir:*

8. nóvember 2001 kl. 8-12

### Eftir áramót

*Staða og hlutverk trúnaðarmanna:* 24. janúar 2002 kl. 8-12

*Samningalist:*

7. febrúar 2002 kl. 8-12

*Að glíma við vandamál:*

21. febrúar 2002 kl. 8-12

*Að glíma við vandamál, framhald:*

7. mars 2002 kl. 8-12

### Skólaslit:

12. mars 2002 kl. 17-19.

## STARFS- OG NÁMSRÁÐGJÖF

Í vetur, líkt og síðasta vetur, verður félagsmönnum boðið upp á starfs- og námsráðgjöf. Slík ráðgjöf getur nýst vel sem fyrsta skrefið í sí- og endurmenntun eða ef fólk er að huga að því að breyta um starfsvettvang.

Ráðgjöfin byrjar í viku símenntunar (fyrstu vikuna í september) og verður í boði á þriðjudögum og miðvikudögum í september, október og nóvember. Um er að ræða 1/2 klst. viðtal við faglærðan starfs- og námsráðgjafa, Björn Hafberg, á skrifstofu VR.



# Brian Tracy í þriðja sinn á Íslandi helgina 9.–10. febrúar 2002 „TVEIR FYRIR EINN“ EF ÞÚ BÓKAR FYRIR 17. SEPT AÐEINS 40 SÆTI Í BOÐI Á ÞESSU EINSTAKA TILBOÐI TIL VR-FÉLAGA



**B**rian Tracy er í hópi bestu fyrirlesara heims á sviði stjórnunar, sölu, árangurs og persónuþróunar. Hann verður hér á Íslandi í þriðja sinn helgina 9.-10. febrúar 2002 til að vera með námstefnu sína: BRIAN TRACY'S SUCCESS MASTERY ACADEMY.

Hátt í 1.500 Íslendingar hafa sótt námstefnur Brian Tracys á Íslandi frá því hann kom hingað fyrst. Síðast var uppselt! Brian er frábær fyrirlesari, kraftmikill og setur mál sitt fram á skýran og auðskiljanlegan hátt.

Markmið hans eru færa þátttakendum hagnýt og hnitmiðuð ráð og aðferðir sem nýtist fólki strax til að ná meiri árangri og aukinni farsæld í hverju því sem það tekur sér fyrir hendur, hvort heldur sem er í starfi eða einkalífi. Hann fær bestu meðmæli þátttakenda og margir segja hann besta fyrirlesara sem þeir hafi hlýtt á.


Brian er höfundur bókarinnar *Maximum Achievement* sem kom út í íslenskri þýðingu fyrir fáeinum árum undir titlinum *Hámarksárangur*. Auk þess hefur hann skrifað bækurnar *Success is a Journey* en hún kom út fyrir nokkrum mánuðum á vegum Vegsauka undir titlinum: *Farsæld er ferðalag*. Nýjasta bók Brians er bókin *100 ófrávíkjanleg lögmál um velgengni í viðskiptum* sem kom út í maí 2001. Þessar bækur fylgja frítt ef þú skráir þig fyrir 17. september nk. Bækurnar færðu sendar strax!



Mörg stærstu og þekktustu fyrirtæki heims hafa annaðhvort nýtt sér ráðgjöf Brian Tracy eða notað námskeið hans til starfshjálfunar og til að auka árangur og velgengni starfsfólks síns.

Milljónir manna hafa lesið bækur hans, séð myndbönd hans eða sótt námskeið hans sem haldin eru af sérþjálfuðum leyfishöfum í 34 löndum, þ.á.m. Íslandi, en Vegsauki þekkingar-klúbbur er einkaumboðsaðili Brian Tracy námskeiðanna á Íslandi og útgefandi bóka hans hér.

**Ekki missa af þessum einstæða viðburði.  
SKRÁÐU ÞIG Í DAG!  
Takmarkaður fjöldi þátttakenda.  
Hópafslættir í boði.**





# SUCCESS MASTERY ACADEMY

FÁÐU „TVEIR FYRIR EINN“ = 50% AFSLÁTTUR EF ÞÚ BÓKAR STRAX!

**STAÐUR:** Grand Hótel Reykjavík.

**DAGAR:** Helgin 9.-10. febrúar 2002.

(Námstefnan er 2 heilir dagar:

Laugardagur og sunnudagur)

**TÍMI:** Kl. 09:00 - 17 (báða dagana).

Húsið opnar klukkutíma fyrr (kl. 08:00)

**Skráðu þig í dag! Hringdu NÚNA**



Á þessari spennandi námstefnu gefst þér einstakt tækifæri til að kynnst hagnýtum og hnitmiðuðum ráð um og aðferðum sem þú getur strax farið að nota til að hámarka árangur þinn, ávinning og lífshamingju.

Brian er líflegur og hrifandi, beitir kímni gáfunni óspart og hefur einstakt lag á hvetja þig til dáða og fá þig til að setja þér markmið og móta spennandi framtíðarsýn þar sem þú nærð að leysa úr læðingi bjartsýni, kjark og þor til að sækja fram í lífinu.

Námstefnan er tveir heilir dagar og stendur frá kl. 9 til 17 báða dagana.



## Brian Tracy mun m.a. fjalla um:

- Eiginleika þeirra sem ná framúrskarandi árangri
- Hvernig þú átt að stjórna sjálfum þér og öðrum til hámarksárangurs.
- Hvernig þú átt að taka stórstígum framförum (quantum leaps) í árangri, stjórnun og sölu.
- Bestu aðferðir í tímastjórnun. Aðferðir og ráð sem þú getur strax farið að nota.
- Bestu aðferðir í sölu og hvernig þú getur margfaldað árangur þinn á því sviði.
- Bestu aðferðir til að sannfæra, semja og hafa áhrif.
- Bestu aðferðir til að hvetja sjálfan sig og aðra til aukins árangurs og velgengni.
- Töfra sjálfsstjórnunar og hvernig þú átt að koma þér upp góðum venjum.
- Gerð persónulegrar velgengnisáætlunar fyrir 21. öldina.
- Hvernig á að setja sér markmið, ná þeim og búa sér til sigursæla framtíðarsýn.
- Hvernig á að njóta fjárhagslegs öryggis og farsældar í lífinu.
- Tuttugu og einn eiginleika þeirra sem hafa brotist frá fátækt til bjargálna.
- Hvernig þú getur aukið farsæld þína í fjölskyldulífi jafnt sem og í starfi.
- Hvernig þú getur virkjað forystuhæfileika þína og skipað þér í framvarðarsveit.



**Skráðu þig núna!**

**Bókunarsími: 570-9700**

eða bókaðu þig á netinu á [www.visir.is](http://www.visir.is)

Þú bókar sæti og færð tvo miða á verði eins.

**Verð:** kr. 59.900 (sem gerir kr. 29.950 per sæti).

**VR endurgreiðir allt að helming námstefnugjalds (fer eftir áunnum réttindum). Boðið er uppá VISA/EURO raðgreiðslur í allt að 6 mán. Hringdu í síma 570-9700 til að nýta þér það!**

### **Verðdæmi 1:**

Þáttökugjald per sæti kr. 29.950  
VR endurg. 50% eða kr. 14.975 og fyrirtæki 50% á móti eða kr. 14.975 þannig að þátttakandi greiðir sjálfur kr. 0

### **Verðdæmi 2:**

Þáttökugjald per sæti Kr. 29.950  
VR endurgreiðir 50% eða kr. 14.975. Fyrirtæki greiðir 25% eða kr. 7.487 og þátttakandi greiðir sjálfur 25% eða kr. 7.487

iKaup

visir.is



VEGSAUKI  
PERINGARLÖBBU

vitinu meiril

Umboðsaðili Brian Tracy námskeiðanna á Íslandi



# YOTUJEL® HVÍTAR TENNUR



SÖLUSTADIR:



- **YOTUJEL plus tannlýsingarsett.** Örugg og einföld leið til að lýsa tennur.
- **YOTUJEL tannkrem.** Lýsir tennur og ver þær skemmdum. Inniheldur lítið af svarfefni og rispar því ekki glerung tanna.
- **YOTUJEL tyggigúmmí.** Viðheldur tannlýsingu og vinnur gegn tannskemmdum og tannsteini.
- **YOTUJEL munnskól.** Hjálpar við að lýsa tennur.

YOTUJEL vörurnar eru vistvænar og rannsóknir staðfesta að þær eru í hæsta gæðaflokki og megi nota á hverjum degi.

Dreifing: FARMASÍA ehf.

18881...

Við öll tækifæri



VÖRUR

# GEVALIA

– það er kaffið! – Sími 575-5500  
www.kaffi.is

# KÖNNUN Á VIÐHORFI FÉLAGA Yfirmaður hafi ekki að tölvupósti starfs


Nær 40% þeirra sem tóku þátt í könnun á heimasíðu VR telja að vinnuveitandi eigi aldrei að hafa heimild til að skoða tölvupóst starfsmanna sinna. Um 28% þeirra sem þátt tóku í könnuninni telja að vinnuveitandi eigi að hafa slíkan rétt, en einungis með heimild viðkomandi starfsmanns. Rétt tæpur þriðjungur telur að vinnuveitandi eigi að hafa heimild til þess að lesa tölvupóstinn ef hann hefur áskilið sér rétt til þess, s.s. með því að setja heimild til þess í reglur um notkun tölvupósts í fyrirtækinu. Tæp 2% þeirra sem tóku þátt í könnuninni telja að vinnuveitandi eigi að hafa skilyrðislausan rétt til að skoða tölvupóst starfsmanna.

Könnunin var gerð í sumar, á svipuðum tíma og heitar umræður voru í fjölmiðlum um hvort vinnuveitendur hafi eða eigi að hafa rétt til að skoða tölvupóst starfsmanna.

## Gild rök verða að liggja fyrir

Því hefur verið haldið fram að vinnuveitendum sé heimilt að skoða tölvupóst starfsmanna sinna án þess að samþykki starfsmanns þurfi að liggja fyrir. Rökin fyrir því eru þau að fara skuli með tölvupóst eins og hvern annan póst. Þannig sé bréf, sem stílað er á fyrirtæki og berst til ákveðins starfsmanns, bréf til fyrirtækisins og því hafi forsvarsmenn þess heimild til að opna það án samþykkis starfsmannsins.

VR er ósammála þessari túlkun. Það er mat félagsins að



# TÖLVUNÁMSKEIÐ 200 I

Þekking í þína þágu

www.tv.is

## Tölvugrunnur

Fyrir þá sem kunna ekkert á tölvur.

4 kennslustundir

## Windows 98

Nauðsynlegt grunnnámskeið um stýrikerfið

9 kennslustundir

## Windows 2000 Professional

Grunnnámskeið um þetta ófluga stýrikerfi.

13 kennslustundir

## Internetið

Frábært námskeið fyrir þá sem vilja læra á Internetið og nota tölvupóst.

9 kennslustundir

## Windows, Word og Excel

Besta byrjendanámskeiðið okkar.

22 kennslustundir

## Word ritvinnsla

Yfingripsmið námskeið.

22 kennslustundir

## Excel tölfleiknirinn

Vandað og gott námskeið.

22 kennslustundir

## Access gagnagrunnurinn

Námskeið ef þú vilt smíða gagnagrunn.

22 kennslustundir

## PowerPoint

Gerð kynningar- og kennslufreiss.

13 kennslustundir

## Word II - fyrir regnlumkila

Námskeið fyrir notendur með mikla reynslu.

18 kennslustundir

## Excel II - fyrir regnlumkila

Námskeið fyrir þá sem kunna mikið í Excel.

18 kennslustundir

## Excel við fjármálstjórn

Mjög gagnlegt námskeið fyrir þá sem vinna við fjármál, stjórnun og læðanagærd.

18 kennslustundir

## Excel tölfleði

Tölfleðivinnslur með Excel.

18 kennslustundir

## Excel fjölvar og forritun

Forritun og sjálfvirkni í Excel.

31 kennslustundir

## Access forritun

Yfingripsmið námskeið.

36 kennslustundir

## Project verkefnaáætlun

Grundvallaratriði góðrar verkefnaáætlunar og hvernig má nota tölvu til aðstoðar.

22 kennslustundir

## Microsoft Visio 2000 viðskipta- og tækniteikun

Fjölbreytt teikningagerð í viðskiptum og tækni. Mjög fjölbreytt og þægilegt forrit.

22 kennslustundir

## Veisluáætlun I - FrontPage

Eitt vinsælasta námskeiðið um veisluáætlun.

22 kennslustundir

## Veisluáætlun II - FrontPage

Námskeið fyrir lægna kunnna.

22 kennslustundir

## Veisluáætlun III

Tengingar við gagnagrunna, höp-vinnakerfi og margs konar sjálfvirkni á veisluáætlun.

13 kennslustundir

## Veisluáætlun I - DreamWeaver

Námskeið um vinselt forrit.

22 kennslustundir

## PhotoShop myndgerð

Ljósmyndavinnsla og gerð myndar.

22 kennslustundir

## Publisher útgáfa bæklingsa

Útgáfa alls konar bæklingsa og kynningarefnis verður leikur einn með þessu forriti.

18 kennslustundir

## MCP - Windows 2000 I

Frábært íslenskt námskeið um þetta nýja netsýrikerfi sem er að ryðja sér til rúms. Innifalið er ein Microsoft Certified Professional (MCP) próf.

45 kennslustundir

## MCP Windows 2000 II

Framhald námskeiðsins MCP Windows 2000 I. Innifalið er ein MCP próf.

45 kennslustundir

## Gott úrval lengri námskeiða


Í janúar og september hefst fjölbreytt nám:

- Kerfisfræði TV (2 misseri)
- Vefsmíði TV (1 misseri)
- Netumsjón í nútímarekstri (1 misseri)
- Office 2000 Master nám (1 misseri)
- Tölvuumsjón í nútímarekstri (1 misseri)
- Tölvuáskilningu (1/2 misseri)

**15% afsláttur til VR félaga af styttri námskeiðum**

Stöðugar nýjungar - nánari upplýsingar á <http://www.tv.is>

Grunnvegur 18  
108 Reykjavík  
Sími: 520 9000  
Faxi: 520 9000  
Netfang: tv@tv.is



Þönnunarsími  
**520 9000**  
Tölvu- og verkfræðisþjónustan

Tölvu- og verkfræðisþjónustan



# LAGSMANNA TIL TÖLVUPÓSTS:

# skilyrðislausan aðgang

## manna

vinnuveitendur hafi alla jafna ekki rétt til að skoða tölvupóst starfsmanna sinna. Til að þeim sé það heimilt verða gildar málefnalegar ástæður að liggja fyrir, s.s. að miklir viðskiptahagsmunir fyrirtækisins séu í húfi eða að grunur leiki

á ólöglegu eða ósiðlegu athæfi. Ef skoða á tölvupóst starfsmanns á grundvelli þessara undantekninga ber að láta hann vita og gefa honum kost á að vera viðstaddan.

### Nauðsyn á skýrum reglum


Ekki er ágreiningur um það að fyrirtækjum sé heimilt að setja reglur um netnotkun og notkun á tölvupósti í vinnu. Þær reglur þurfa þó að vera skýrar og kynna þarf þær vel

fyrir starfsmönnum til að þeir geri sér fulla grein fyrir því hvernig farið er með tölvupóst þeirra og hvernig þeim er heimilt að umgangast netið í vinnu.

Ef fyrirtæki setur þá reglu að forsvarsmönnum sé heimilt að skoða tölvupóst starfsmanna er t.d. hægt að gefa starfsmönnum kost á að vista einkapóst á svæði sem vinnuveitendum er ekki heimilt að opna eða gefa þeim persónuleg netföng sem fyrirtækið hefði ekki heimild til að skoða undir neinum kringumstæðum. Síðari lausnin hefur færst í vöxt hjá fyrirtækjum erlendis.

### Finnst þér að vinnuveitandi eigi að hafa rétt til að skoða tölvupóst starfsmanna?

Nei, aldrei	39%
Já, en einungis með heimild starfsmannsins	28%
Já, en einungis ef vinnuveitandi hefur áskilið sér rétt til þess	31%
Já, án skilyrða	2%



Mynd: Erling

# Norræna höfuðborgaráðstefnan í Reykjavík

## Styrkir samstarf og samvinnu

VR var gestgjafinn á norrænu höfuðborgaráðstefnunni sem haldin var í Reykjavík í sumar.

Ráðstefnan er samstarfsvettvangur

fulltrúa verslarmannafélaga í höfuðborgum Norðurlandanna og er haldin einu sinni á ári, til skiptis í löndunum fimm. Þátttakendur voru tæplega fimmtíu talsins.



Þátttakendur á ráðstefnunni í sumar.

Á ráðstefnunni var m.a. farið yfir helstu áhersluefni félaganna síðasta árið og stöðu landsmála í hverju landi. Stefán Ólafsson, prófessor í félagsvísindum við Háskóla Íslands, hélt erindi um íslenska velferðarkerfið og samanburð við önnur ríki. Fulltrúar íslenskra stjórnsmála-

flokka kynntu stefnu flokka sinna og tóku á móti spurningum ráðstefnugesta.

Verkefnið *Hið gullna jafnvægi*, sem fjallar um sveigjanleika í fyrirtækjum, samræmingu starfs og einkalífs og bætta nýtingu mannauðsins, var kynnt og þátttaka VR í því.

### Samstarf – samvinna

Markmiðið með höfuðborgaráðstefnunni er að styrkja samstarf og samvinnu verslarmannafélaganna og skapa vettvang fyrir þau til að skiptast á upplýsingum og skoðunum. VR hefur tekið þátt í þessu samstarfi frá árinu 1983.



## Austurríki

### Ákvörðun um frjálsan opnunartíma verslana frestað

Frekari umræðum og ákvörðun um austurrísku ríkisstjórnarinnar um að auka frelsi í opnunartíma verslana hefur verið frestað vegna gagnrýni frá verkalýðsfélögum og smærri atvinnurekendum. Í apríl sl. lagði viðskiptaráðherra fram tillögur um aukið frelsi í opnunartíma verslana. Í dag er staðan sú að á virkum dögum verða verslanir að loka eigi síðar en kl. 19:30, kl. 17:00 á laugardögum en á sunnudögum eiga verslanir að vera lokaðar. Það var markmið ríkisstjórnarinnar að auka frjálsræðið með því að leggja niður ákveðna lokunartíma en takmarka opnunartíma frekar við 72 klst. á viku. Auk þess vildu menn heimila verslunarstarfsemi á sunnudögum. Vegna gagnrýni og mislukkaðra mála- miðlana innan ríkisstjórnarinnar sjálfrar var ákveðið að fresta frekari ákvörðunum um málið fram á vetur.



## Belgía

### Nýr allsherjarkjarasamningur opinberra starfsmanna

Verkalýðsfélög og ríkisstjórn Belgíu hafa komist að samkomulagi um nýja kjarasamninga opinberra starfsmanna. Líklegt er að þetta verði í síðasta sinn sem slíkur allsherjarkjarasamningur verður gerður þar sem kjarasamningar verða í framtíðinni í formi fyrirtækja- og stofnanasamninga. Meginatriði samningsins fyrir tímabilið 2001 – 2002 eru 1% launahækkun og hækkun orlofslauna.



## Bretland

### Ný ríkisstjórn Verkamannaflokks einblínir á sveigjanleika

Í almennum þingkosningum á Bretlandseyjum þann 7. júní sl. bar Verkamannaflokkurinn sigur úr bítum. Tony Blair forsætisráðherra

hefur þegar gert margar breytingar á embættum þeirra ráðherra og embættismanna sem fara með atvinnumál. Hinn nýi ráðherra atvinnumála er Patricia Hewitt en hún er einnig ráðherra málefna kvenna. Ríkisstjórnin hefur gefið út þá yfirlýsingu að hún muni leggja mikla áherslu á sveigjanleika í vinnu. Er þar t.d. átt við sveigjanleika í vinnutíma fyrir fjölskyldufólk og til að auðvelda fólk að skipta yfir í hlutastörf.



## Danmörk

### Löggjöf um hlutastörf á skjön við venjur

Danska ríkisstjórnin hefur með lagasetningu tekið í gildi Evrópu-sambandsstískipun um hlutastörf og þannig ýtt undir deilur um hvernig beri að taka í gildi tilskipanir sambandsins í Danmörku. Löng hefð er fyrir því að launþegar og launagreiðendur í Danmörku semji sjálfir um reglur sem varða kaup og kjör án lagasetninga og er því óttast að þessi lagasetning geti umbylt því kerfi sem verið hefur við lýði. Bæði ríkisstjórn og aðilar vinnumarkaðar vilja að í framtíðinni komist tilskipanir Evrópu-sambandsins á við frjálsa samninga fremur en með lagasetningu.

# AF EVRÓPU

Frjáls opnunartími í Austurríki Belgíu • Vinnusveigjanleiki í E Dana • Fjöldauppsagnir í Fr styttri vinnuviku • Reglur • Svíar endurskoða vinnulöggjöf í kjaradeilu flugmanna og samið



## Frakkland

### Frekari breytingar á lögum um fjöldauppsagnir

Ríkisstjórn Frakklands hefur látið undan þrýstingi vinstrimanna og samþykkt frekari breytingar á lagafrumvarpi um félagslegar umbætur sem þýðir enn hertari reglur um fjöldauppsagnir hjá

fyrirtækjum. Kemur þetta í kjölfar fjöldauppsagna hjá Marks & Spencer og Danone. Er þetta viðbót við þær breytingar sem ríkisstjórnin gerði í apríl sl. þar sem leitast var við að gera fjöldauppsagnir kostnaðarsamari fyrir fyrirtækin og auka vægi trúnaðarmanna starfsmanna. Hinar nýju breytingar fela í sér að fyrirtæki er aðeins leyfilegt að grípa til fjöldauppsagna af fjárhagslegum ástæðum, hafi það t.d. lent í fjárhagserfiðleikum sem það ræður ekki við með öðrum hætti eða vegna tæknibreytinga sem eru þess eðlis að fjárhagsleg framtíð fyrirtækisins sé í hættu.



## Dag- og kvöldnámskeið í Miðbæjarskóla, Mjódd og Grafarvogi

### ÍSLENSKA FYRIR ÚTLENDINGA

#### Dag- og kvöldnámskeið

Íslenska fyrir útlendinga 1.–5. flokkur (í 1. flokk er raðað eftir þjóðerni nemenda)  
Íslenska – talflokkar fyrir útlendinga. Ritun.  
Innritun hefst 13. sept.

### PRÓFADEILD

#### Grunnnám – Fornám

upprifjun 8., 9. og 10. bekkjar.  
Undirbúningur fyrir framhaldsskólanám.  
Framhaldsdeild – fyrstu áfangar kjarnagreina, sem suma er einnig hægt að taka í fjarnámi, auk sérgreina á heilsugæslubraut.  
Innritun fyrir haustönn 2001 hefst 30. ág.

### ALMENNIR FLOKKAR

Erlend tungumál, verklegar greinar.  
Innritun fyrir haustönn 2001 hefst 6. september.

Upplýsingar í síma: 551 2992 – Netfang: [nfr@namsflokkar.is](mailto:nfr@namsflokkar.is)

Heimasíða: [www.namsflokkar.is](http://www.namsflokkar.is)

Kennt verður í Miðbæjarskóla, í Mjódd Þönglabakka 4 og í Miðgarði Grafarvogi.

**SVO LENGI LÆRIR SEM LIFIR**



# VETTvangi

• Allsherjarkjarasamningur í Bretlandi • Deilt um hlutastörf í Frakklandi • Norskir deila um gegn kynjamisrétti í Portúgal • Samþykkt miðlunartillaga við bankamenn í Þýskalandi



## Noregur

Vinnuveitendasambandið hafnar kröfu um styttingu vinnuvikunnar

Deilur hafa risið milli Vinnuveitendasambands Noregs og Alþýðusambandsins í kjölfar krafna þess síðarnefnda um styttingu vinnuvikunnar. Vinnuveitendasambandið heldur því



fram að slíkt myndi setja allt norska hagkerfið í mikla hættu. Nýkosinn formaður Alþýðusambandsins, Gerd Liv Valla, krafðist þess nýlega að vinnuvikan verði stytta í 35 stundir á viku en meðalvinnuvika í Noregi í dag er um 37,5 vinnustundir. Hafa vinnuveitendur tekið þessu illa og segja að næst verði gerði krafa um 30 stunda vinnuviku.



## Portúgal

Ný lög gegn kynjasmun

Nýlega voru samþykkt lög í Portúgal sem miða að því að styrkja reglur gegn kynjasmunum á vinnustöðum. Nýju löginn veita rannsóknarmönnum Vinnu-málastofnunar (IGT) heimild til þess, að eigin frumkvæði eða vegna kvartana þriðja aðila, að heimækja vinnustaði til þess að komast að raun um hvort þar sé kynjunum mismunad. Lítið er á mismunum kynjanna sem mjög alvarlegt brot á vinnulöggjöfinni. Einnig voru samþykkt lög sem skylda ríkisstjórnina til þess að gefa þinginu árlega skýrslu um jafna möguleika karla og kvenna á vinnumarkaði og til starfsþjálfunar.



## Svíþjóð

Endurskoðun vinnulöggjafar

Ríkisstjórn Svíþjóðar hefur tilkynnt um þá fyrirætlun sína að endurskoða lykilatriði í vinnulöggjöf landsins til þess að stuðla að minni fjarvistum vegna veikinda og ótímabærra starfsloka sem sumir ráðherrar fullyrða að rekja megi til ójöfnuðar á vinnustöðum og litilla valda og áhrifa launþega. Ríkisstjórnin telur að kostnaður vegna veikinda starfsmanna og ótímabærra starfsloka nemi um 80 milljörðum sænskra króna á ári og fari vaxandi.



## Þýskaland

Miðlunartillaga samþykkt í kjaradeilu flugmanna


Hinni langvinnu baráttu um kaup flugmanna hjá flugfélaginu Lufthansa virðist loks lokið með samþykkt samninganefndar félags

flugmanna á miðlunartillögu. Ef félagsfundur samþykkir samninginn ætti það að þýða launahækkunir sem gætu numið um 28% á þessu ári. Félag flugmanna hefur staðið fyrir töfum á flugáætlanum í síðustu mánuði með því að flugmenn hafa lagt niður vinnu í einn og einn dag.

Nýir samningar bankamanna og starfsmanna tryggingarfélaga

Nýlega var lokið við gerð nýrra kjarasamninga starfsmanna banka og tryggingarfélaga í Þýskalandi. Í samningi bankamanna er gert ráð fyrir um 2,8% kauphækkunum á þessu ári auk eingreiðslu sem ætti að gera heildarhækkun upp á 3%. Samningur starfsmanna tryggingarfélaga hljóðar einnig upp á 2,8% hækkun en aðeins lægri eingreiðslu.

Árni Leósson



# Tölvunámskeið

á haustönn  
2001

**Tölvulæsi 1**, 60 stundir. Tölvugrunnur, Windows, Word, Internet.

Verð kr. 47.000.-

Morgunnámskeið hefst 20. ágúst

Dagnámskeið hefst 7. nóvember.

Kvöldnámskeið hefst 11. september og 22. október.

**Tölvulæsi 2**, 40 stundir. Word og Excel.

Verð kr. 34.700.-

Kvöldnámskeið hefst 13. nóvember.

**Hagnýtt tölvunám 1**, 60 stundir. Alm.tölvufræði, Windows,

Word, Excel, Internet.

Verð kr. 47.000.-

Morgunnámskeið hefst 10. október og 19. nóvember.

Dagnámskeið hefst, 15. október

Kvöldnámskeið hefst 27. ágúst, 18. september og 17. október.

**Hagnýtt tölvunám 2**, 40 stundir. Word, Excel, Outlook.

Verð kr. 34.700.-

Kvöldnámskeið hefst 13. október.

**Námskeið í einstökum forritum** t.d. Windows, Word, Excel, Access, Power Point, Publisher, Front Page, HTML, eru haldin með reglulegu millibili í allan vetur, kynnið ykkur stundaskrána á vefnum [www.tolvuskoli.is](http://www.tolvuskoli.is) eða hringið í síma 5616699 og fáð heimsendan námsvisi.

**Hraðnámskeið** fyrir þá sem þurfa upprifjun í einstökum forritum.

**Skráning stendur yfir!**

Athugið að fræðslusjóðir stéttarfélaganna endurgreiða námskeið að hluta, allt að 75%.

Eflingarfélagar, kynnið ykkur samning Eflingar og Tölvuskóla Reykjavíkur.



Tölvuskóli Reykjavíkur

Horfðu til framtíðar





# FRAMHALDSRÁÐSTEFNAN KONUR OG LÝÐRÆÐI:

## Unnið að uppbyggingu verkalýðshreyfingarinnar

Ráðstefna um konur og lýðræði var haldin í Vilnius í Litháen dagana 15. – 17. júní síðastliðinn. Alls sátu fulltrúar 13 ríkja ráðstefnuna. Markmiðið var að ræða árangur samnefndrar ráðstefnu sem haldin var í Reykjavík í október 1999 en VR var einn af framkvæmdaraðilum hennar.

### Verkalýðshreyfingin veik í Eystrasaltsríkjunum

Á ráðstefnunni voru annarsvegar fyrirlestrar um jafnréttismál og mansal og hins vegar vinnustofur. Fulltrúi VR sat vinnustofu sem fjallaði um stefnu í efnahags- og vinnumarkaðsmálum út frá jafnréttis-sjónarmiði. Þar kom m.a. fram að ástandið í efnahags- og vinnumarkaðsmálum í Eystrasaltsríkjunum er mjög alvarlegt. Ekki er mikil áhersla lögð á jafn-

réttisbaráttuna heldur leggja starfsmenn fyrst og fremst áherslu á að halda vinnu sinni og fá greitt fyrir hana. Á Vesturlöndum snýst jafnréttisbaráttan fyrst og fremst um launamun kynjanna og hvernig hægt sé að minnka hann. Verkalýðshreyfingin er mjög veik í Eystrasaltsríkjunum, 17–18% vinnandi fólks á vinnumarkaði eru í stéttarfélagum, og atvinnuleysi mikið eða 20–30%. Starfsmenn eru oft á tíðum látnir vinna mun lengur en þeir fá greitt fyrir og gera það einungis til að halda vinnunni.

### VR miðlar af reynslu sinni

VR, ASÍ og bandaríska sáttasemjaraembættið (FMCS) taka þátt í verkefni sem miðar að því að styrkja og efla verkalýðshreyfinguna í Litháen og Lettlandi en á ráðstefnunni í Reykjavík

árið 1999 samþykkti stjórn VR að veita kr. 1 milljón til verkefnisins. Á ráðstefnunni Konur og Lýðræði í Litháen var tíminn vel nýttur og fundað með fulltrúum frá FMSC og verkalýðshreyfingunni í Litháen og Lettlandi. Á fundinum var m.a. farið yfir stöðu mála og rætt um þá aðstoð sem ríkin þurfa einna helst á að halda. Í byrjun september verða haldnar vinnustofur í löndunum tveimur þar sem áhersla er lögð á þjálfun fulltrúa

verkalýðsfélaga í samningatækni og leiðtogahtutverkinu. Einnig verður fjallað um jafnréttismál og vandamál sem upp kunna að koma á vinnustað. VR mun þar miðla af reynslu sinni af rekstri frjálsra félagasamtaka.

Frekari upplýsingar um ráðstefnuna og niðurstöður vinnuhópa má fá á netinu á slóðinni [www.womenanddemocracy.lt](http://www.womenanddemocracy.lt)

Alda Sigurðardóttir fræðslustjóri sat ráðstefnuna fyrir hönd VR



Þátttakendur á ráðstefnunni.

**AVIS** Alltaf betri verð  
Avis mælir með Opel

**Góður kostur**

Útvegum bíla um allan heim

Hringdu og pantaðu núna!  
Frábær kjör á bílaleigubílum

Sími: 533 1090  
Dugguvogur 10  
Fax: 533 1091 - E-mail: [avis@avis.is](mailto:avis@avis.is)

Við öll tækifæri

VÖRUR

Sími 575-5500  
[www.marud.is](http://www.marud.is)

**ALLIANCE FRANÇAISE**

Hringbraut 121 (JL-húsið) – 107 Reykjavík

Frönskunámskeið verða haldin 17. sept. til 14. des. Innritun frá 3. sept.

**Námskeið fyrir byrjendur og lengra komna**

**Taltímar**

**Námskeið fyrir börn og eldri borgara**

**Einkatímar**

**Kennum í fyrirtækjum**

Upplýsingar í síma 552 3870 frá kl. 11 til 18  
Netfang: [af@ismennt.is](mailto:af@ismennt.is) – Veffang: <http://af.ismennt.is>

**VR styrkir þáttöku félagsmanna sinna á námskeið Alliance Française**

# MINNISBLAÐ FRÁ KJARAMÁLAEILD:

## Réttindi félagsmanna við gjaldþrot fyrirtækis

Starfsmenn sem verða fyrir því að fyrirtæki sem þeir starfa hjá verður gjaldþrota eiga venjulega bótakröfu á fyrirtækið vegna riftunar á starfssamningi. Yfirleitt er um að ræða bætur í uppsagnarfresti viðkomandi starfsmanns.

**Ábyrgðarsjóður launa áskilur sér hins vegar rétt til þess að hafna greiðslum til launþega vegna bóta í uppsagnarfresti úr gjaldþrotabúum nema ítarlegum tilmælum sjóðsstjórnar sé fylgt.**

Verði fyrirtæki gjaldþrota getur félagsmaður Verzlunarmannafélags Reykjavíkur leitað til skrifstofu félagsins sem gerir kröfu fyrir hann í þrotabúi fyrirtækisins. Ef skiptastjóri þrotabúsins samþykkir kröfuna og fyrirtækið, sem hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta, á ekki fyrir greiðslu launa getur félagið fyrir hans hönd óskað eftir greiðslu úr Ábyrgðarsjóði launa. Launakröfur sem eru eldri en 18 mánaða frá gjaldþroti (frestdegi) njóta ekki forgangs í þrotabúið og þar af leiðandi ekki heldur ábyrgðar Ábyrgðarsjóðs launa.

### Starfsreglur Ábyrgðarsjóðs

Ábyrgðarsjóður launa hefur ákveðnar starfsreglur sem gott er að hafa í huga og eru þær helstar sem hér segir:

- Eingöngu þeir launþegar sem skráðir eru atvinnulausir á vinnumiðlun viðkomandi sveitarfélags og þiggja bætur á uppsagnarfresti sínum, hafa rétt til bóta úr Ábyrgðarsjóði launa vegna riftunar eða uppsagnar vinnusamnings þegar búvinnuveitanda er tekið til gjaldþrotaskipta.
- Sækja verður um vinnu innan tveggja vikna frá því að rof verður á vinnusamningi, að öðrum kosti skerðast bætur í uppsagnarfresti til viðkomandi launþega.
- Einhliða yfirlýsing atvinnurekenda um að launþegi hafi sótt um vinnu á uppsagnartímabilinu er ekki tekin til greina. Bætur verða einungis greiddar fyrir það tímabil sem umsækjandi hefur sannanlega verið skráður umsækjandi um vinnu.
- Reglur þessar taka til allra gjaldþrota sem úrskurðuð verða eftir 1. nóvember 1993.

Með þessum reglum er Ábyrgðarsjóður launa að fara fram á ákveðinn feril hvers launþega sem sækir um bætur til sjóðsins. Ef ekki er farið í einu og öllu eftir þessum tilmælum stjórnar sjóðsins áskilur sjóðurinn sér allan rétt til að hafna greiðslum.



Samkvæmt lögum greiða vinnuveitendur 1% af útborguðu kaupi hvers og eins starfsmanns síns í sjúkrasjóð stéttarfélags hans. Nýjar reglur Sjúkrasjóðs VR kveða á um að hver fullgildur félagsmaður geti fengið endurgreitt í formi styrkja 40% af því sem atvinnurekandi hefur greitt fyrir hann í sjóðinn. Miðað er við gjöld greidd í sjóðinn frá 1. janúar 2000. Fullgildir félagsmenn VR geta sótt um styrk en sá félagsmaður telst fullgildur sem greitt hefur lágmarksfélagsgjaldi VR á undangengnum 12 mánuðum, alls kr. 5.678 miðað við árið 2001.

**Félagsmaðurinn ræður því sjálfur hvernig hann ráðstafar inneign sinni í Sjúkrasjóði innan eftirfarandi marka:**

veittir eru styrkir vegna líf-, slysa- og sjúkdómstrygginga, líkamsræktar og endurhæfingar og kostnaðar vegna hjálpar-tækja s.s. gleraugna- og heyrnartækja, þ.e. ef ekki koma greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins.

# Allt um styrkina úr Sjúkrasjóði VR

Þetta þýðir til að mynda að hægt er að fá styrk úr sjóðnum til að stunda líkamsrækt að eigin vali, sækja endurhæfingu að eigin vali, kaupa sér gleraugu eða fá sér líftryggingu, svo framarlega að viðkomandi eigi inneign í sjóðnum.

Sækja þarf um styrk til sjóðsins á eyðublaðinu Umsókn um styrk sem hægt er að nálgast á heimasíðu VR, [www.vr.is](http://www.vr.is). Upphæð styrksins miðast við 50% af útlögðum kostnaði félagsmannsins samkvæmt reikningi, þó að hámarki 40% af greiddum iðgjöldum fyrir viðkomandi í sjóðinn, eins og áður sagði. Lág-

marksstyrkur á hverju almanaksári er þó aldrei lægri en kr. 4.000.

## Dæmi um greiðslu úr sjóðnum

Félagsmaður á inneign í sjóðnum kr. 15.000. Hann kaupir sér gleraugu sem kosta kr. 20 þúsund. Hann greiðir fyrir gleraugun, leggur fram reikninginn hjá Sjúkrasjóði VR og fær endurgreiddan helming kostnaðarinnar, eða kr. 10 þúsund.

Þessi greiðsla dregst frá inneign hans í sjóðnum og á hann þá eftir inneign að upphæð kr. 5.000. Hann ákveður að fara í líkams-



rækt og kaupir sér kort sem kostar kr. 15 þúsund. Hann greiðir fyrir kortið og leggur fram reikning hjá Sjúkrasjóði VR. Þar sem inneign hans nægir ekki fyrir helmingi kostnaðarinnar í líkamsræktina fær hann endurgreiddar kr. 5.000 og hefur þar með fullnýtt inneign sína hjá sjóðnum, að sinni.

Á næstu mánuðum heldur hann hins vegar áfram að byggja upp inneign í sjóðnum að nýju um 40% af iðgjaldi í hverjum mánuði. Frá og með 1. janúar 2003 miðar inneign við greidd gjöld þrjú ár aftur í tímann. Inneign í sjóðnum sem er eldri en 3ja ára fellur þá niður.



## LÁTTU ÞÉR LÍÐA VEL

*við sjáum um fjármálin*

**Heimilislínan** er víðtæk fjármálaþjónusta fyrir einstaklinga og heimili sem hægt er að sníða að þörfum hvers og eins. Þjónustan er ætluð skilvísu viðskiptavinum sem vilja nýta sér fjölbreytt þjónustuúrval bankans á hagstæðum kjörum. Í þjónustunni felst m.a.

- **Hærrí innlánsvextir**
- **Allt að 500.000 kr. yfirdráttarheimild á Gullreikningi án ábyrgðarmanna**
- **Lægri vextir á yfirdráttarheimild og eingöngu er greitt fyrir nýtt heimild**
- **Visa Farkort eða MasterCard Heimskort**
- **Aðgangur að Heimilisbankanum á Internetinu**
- **Allt að 500.000 kr. skuldabréfalán til allt að fimm ára án ábyrgðarmanna**
- **Allt að 1.000.000 kr. reikningslán á hagstæðum kjörum**
- **Greiðsluþjónusta með útgjaldadreifingu, mánaðargjald**
- **Útgjaldadreifing í Heimilisbankanum á Internetinu**
- **Netklúbbur Heimilislínu**
- **Húsnæðislán til allt að 25 ára**
- **Ódýrari bilalán Lýsingar**
- **Ekkert árgjald**

**HEIMILISLÍNA**  
EINFALDAR FJÁRMÁLIN

[www.bi.is](http://www.bi.is)

 **BÚNAÐARBANKINN**  
Traustur banki





# Tölvunám sem skilar **Delphi** árangri!

GERÐU STARF ÞITT GEFANDI

## Tölvuviðgerðarnám 20. sept. -13. des.

Þetta nám er fyrir þá sem vilja vinna við viðgerðir og umsjón tölvukerfa og er eitt vinsælasta nám sem er í boði gagnvart vinnumarkaðnum. Í framhaldi af náminu geta þeir sem vilja tekið A+ gráðuna sem er alþjóðleg gráða og nýttist um allan heim.

Námið er 180 kennslustundir og stendur yfir í um 3 mánuði.

Það borgar sig að skrá sig sem fyrst, því þetta nám er gífurlega vinsælt og færri komast að en vilja.

## Forritunarnám 10. sept. -17. des.

Þetta nám er það allra heitasta í dag enda er Delphi eitt vinsælasta forritunarnám sem notað er í dag. Námið er fyrir þá sem vilja læra forritun og nýta sér það til starfs. Náminu lýkur með alþjóðlegu prófi í Delphi.

Þetta er einstakt tækifæri fyrir þá sem vilja breyta um starfssvið og öðlast viðurkenningu sem forritarar á alþjóðlegum vettfangi.

ATH! Mjög takmarkaður fjöldi kemst að þannig að nauðsynlegt er að skrá sig sem fyrst.

**TÖLVUTÆKNISKÓLI  
ÍSLANDS**

CompTIA  
A+ Certification Program

Engihjalla 8  
200 Kópavogur  
Sími: 554 7750  
Fax: 554 7752  
www.ttsi.is  
tolvuvigdir@tolvuvigdir.is





# LJÚFUR DAGUR Í LAUGARDAL

Sjötta sumarið í röð stóð VR fyrir hátíðahöldum í tilefni frídags verslunarmanna, 6. ágúst síðastliðinn, með fjölskylduhátíð í Laugardalnum.























Garðurinn var eins og undanfarin ár opinn frá kl. 10-18 og aðgangur ókeypis. Þar var margt til skemmtunar, komu til dæmis góðir gestir frá Möguleikhúsinu; Anna og langafi þrakkari skemmtu börnunum ásamt Snuðru og Tuðru og félagi og Gauki sumarálfi. Þá tóku þau Sigga Beinteins og Grétar Örvarsson lagið með börnunum og eldgleypar, trúðar og látbragðsleikarar voru á ferð í garðinum. Þarna voru einnig uppsett hin ýmsu leiktæki sem yngri fólkið notaði óspart.

Þarna var sem sagt nóg við að vera og ekki bar á öðru en fólk á öllum aldri skemmti sér hið besta í ágætis veðri. Alls komu 9.000 gestir í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn í Laugardal á þessum frídegi verslunarmanna. Myndirnar tók ljósmyndarinn Erling.





# KROSSGÁTA

	FARA EFTIR	AUMA	SAUR	ÞYPP- ADI SAMAN	KABALL- RAN- FUGLS	EVROPU- MENN	ANDI	HAM- INGJU- SÖM
	FLJÓT- FARA	1						
	SKRÁIR + SUND					8		
	KLAKI	2	JAGG- EIGNAR REIKA					
	FYDDUR LITTI EARSÁM				7		MÚLI	
	FISKAR KRYDD							
	KEMMA + FÉLL			BYGG- ING		FAGI BER		30
	ÞENKUR		KVÖLD + DOLVIB				3	HINIR
	REIÐIR	13		PENING- ANA SEFAD				
	RÁN- DÝRS			12	HRENT OG REINT EYKADU			
	ENDING		DAIN	10		STYRN- UM	NATTA + TUNAL	
	VEITIR AFNDI VESELAR	14			SLÆGG- LAND RÍKY	16		
	GREND- IN	↓	19		STEND- UR VÍÐ FLAN		6	
	SEYÐIB		30	BLD- STADI SALPTA BLÖM		GAUF	11	FTALL + DÚKA HAKA
	ANSÓ- DOMAN			KEÐNA KEYRA	24			18
	VIT- LAMEAR		15		BRAGUR VIÐ BERA BLAK AF			
	VIAT FIMUR	↓		21		HLSÓMA TÓN	31	✓
	STÓBA			VAFST- URS	SKÖTUN GRÚI			
	GESTA- LANG			DUFT NEMUR		FRUM- EFNI	32	
	26	DRÖGIR LADIR- DRA	12			FLYK BOR		✓
	KVAD	↓		TIMMUR SKELFI- LEG		SLÁ KALT	23	
	FISKIR MENN			SKELNI			KROPP- AR	
	FINNIG	9	KENFUR LITA	25	FORFED- ORNA HEG	29		
	DRÖGUR MATT UR		34		BIA TIL POTI			✓
	NÁLMEI TVEIR BINS			KLAFI ENDING	5	ÞVETT- INGUR	33	
	MÓG SLAM- AR				27	KVÆM- UR	26	
	LSÓTUR		28		ER- LENDIS			



## VERÐLAUN KR. 6.000

Lausnin á krossgátunni í júniblaðinu er þessar ljóðlínur úr kvæðinu „Ásareidinni“ eftir Grím Thomsen:

„Óðinn ríður ákaflega  
endilanga vetrarbraut“.

Dregið var úr réttum lausnum og upp kom nafn Sólrúnar Svandal, sem hefur fengið verðlaunin. Myndin er af vinningshafanum að venju.

Gátunni, sem hér er til lausnar, fylgir sú vísbending, að lausnin sé armenskur máls-háttur. Aðrar upplýsingar er ekki að hafa frá höfundu gátunnar og nú er bara að leggja til atögu. Síðasti móttökudagur lausna er föstudagur 14. september.

Vinsamlega látið kennitölu fylgja lausnum og skrifið „krossgáta“ utan á umslagið.

Utanáskriftin er:  
VR, Húsi verslunarinnar  
Kringlunni 7  
103 Reykjavík.





Við opnun kaupfélagssafnsins á Hvolsvelli, frá vinstri Elvar Eyvindsson, Magnús L. Sveinsson og Unnur Þórðardóttir á skrifstofu Ingólfs Jónssonar, fyrrv. kaupfélagsstjóra á Hellu.

## Kaupfélögin í Sögusetrinu

Í Sögusetrinu á Hvolsvelli hefur verið opnað merkt verslunarminjasafn sem rekur sögu kaupfélaganna á Suðurlandi.

Upphafið að stofnun safnsins má rekja til Kaupfélagssafnsins í Sögusetrinu sem opnaði fyrir liðlega ári en það sagði 77 ára sögu Kaupfélags Rangæinga. Á 70 ára afmæli Kaupfélags Arnesinga síðastliðið haust afred stjórnin að leggja sitt af mörkum til varðveislu sögunnar og byggja þar heilsteipt safn um kaupfélögin á Suðurlandi. Safnið segir því sögu félaganna tveggja sem áður eru nefnd sem og Kaupfélags Vestur-

Skaftfellinga, Kaupfélagsins Þórs og Kaupfélags Vestmannaeyja. Nýja safnið opnaði formlega á Jónsmessu í sumar.

Í safninu má sjá marga áhugaverða muni sem tengjast verslunarrekstri á Suðurlandi fyrir á árum og myndir og texta sem segja sögu kaupfélaganna. Þar má m.a. stíga inn á skrifstofur fimm kaupfélagsstjóra á mismunandi tíma í sögu félaganna og skoða sig um á verslunartorgi. Markmiðið með stofnun safnsins er að vekja áhuga á sögu kaupfélaganna en á undanförunum árum, með breyttum verslunarháttum, hefur þeim fækkað smám saman. Safnið er opið fyrir almenning að sumarlagi en einungis fyrir hópa á veturna.



### Suðurnes

Reykjanesbær  
Garður, Sangerði  
Grindavík, Vogar

### Vesturland

Akranes  
Borgarnes, Borgarfj.

### Snæfellsnes

Stykkishólmur  
Grundarfjörður  
Ólafsvík, Hellisandur, Rif

### Vestfirðir

Ísafjarðarbær  
Bólungarvík, Súðav.  
Suðureyri, Flateyri  
Þingeyri

### Norðurland Vestra

Hvammstangi  
Sauðárkr., Varmahl.  
Siglufjörður, Hofsvós

### Norðurland Eystra

Akureyri

### Austurland

Egilsstaðir, Djúpvogur  
Seyðisfj., Reyðarfj.  
Eskifj., Fáskrúðsfj.  
Stöðvarfj., Breiðdalsv.  
Neskaupstaður

### Suðausturland

Höfn í Hornafirði  
Vík, Kirkjubæjarkl.

### Suðurland

Vestmannaeyjar  
Þorlákshöfn, Eyrarb.  
Hveragerði, Selfoss  
Hella, Hvolsvöllur

# Flutningar eru okkar fag

## Öryggi alla leið

Við leggjum áherslu á góða þjónustu og öryggi á flutningsleiðum okkar.

- Pakkasendingar
- Vörusendingar
- Búslóðir
- Kæli- og frystisendingar
- Lítil bið !



Vöruafgreiðsla Aðalflutninga er opin:  
Mánudaga-fimmtudaga 8:00 - 17:00  
Föstudaga 8:00 - 16:00

Aðalflutningar hefur starfað síðan 1998.  
Í byrjun var aðeins ekið á 4 leiðum en í dag er ekið til allra landshluta og helstu þéttbýlisstaða.

## Aðalflutningar

Öryggi alla leið

Héðinsgötu 2 • 105 Reykjavík • Sími: 581 3030 • [www.af.is](http://www.af.is)

FAMILJEN  
DAFGÅRD

express

FAMILJEN  
DAFGÅRD

express

FAMILJEN  
DAFGÅRD

express

## Bragðgóð nýjung á íslenskri tungu

Express hraðréttirnir frá Dafgård

ljúffengir og hollir





**Netnámskeið um  
STARFSMANNAVIÐTALIÐ**

**Átt þú rétt á  
FRÆÐSLUSTYRK?**

**Námskeið VR  
VETURINN 2001-2**

**Þú getur ekki  
STJÓRNAÐ ÞEKkingu**

**Viðhorf félagsmanna til  
TÖLVUÞÓSTS**

Í Laugardal á  
frídegi verslunar-  
manna 6. ágúst sl.  
Mynd: Erling

**ÁHERSLA Í VIKU SÍMENNTUNAR:**

**TÖLVUR -  
TUNGUMÁL**